


Ársskýrsla

Starfsárið 2008-2009



Krakka
blak



VOLLEYBALL.IS
ALLT SEM ÞÚ
ÞARFT AÐ VITA



Efnisyfirlit

STJÓRN BLÍ	4
NEFNDIR BLÍ	5
FJÖLDI BLAKIÐKENDA FRÁ 1969 OG FULLTRÚAR Á BLAKÞINGI ÁRIÐ 2009	6
DAGSKRÁ	7
SKÝRSLA STJÓRNAR BLÍ 2008-2009	8
STJÓRN OG FRAMKVÆMDASTJÓRN	8
MÓTA- OG DÓMARAMÁL	8
ÁRS- OG UPPSKERUHÁTÍÐ BLÍ	9
BLAKMAÐUR OG KONA ÁRSINS 2007.....	10
FJÖLMIÐLAR OG SAMSKIPTI	11
VIÐURKENNINGAR.....	11
ERLEND SAMSKIPTI	11
FJÁRMÁL.....	12
FRAMTÍÐIN.....	12
SKÝRSLA MÓTANEFNDAR BLÍ	13
HAUSTMÓT BLÍ	13
1. DEILD KVENNA.....	13
ÚRSLITAKEPPNI KVENNA.....	14
1. DEILD KARLA.....	15
ÚRSLITAKEPPNI KARLA	15
2. DEILD KARLA SUÐUR.....	16
MILLIRIÐLAR Í 2. DEILD KARLA SUÐUR.....	17
2. DEILD KARLA AUSTUR	17
ÚRSLITAKEPPNI 2. DEILDAR KARLA.....	18
2. DEILD KVENNA SUÐUR A.....	18
2. DEILD KVENNA SUÐUR B.....	19
MILLIRIÐLAR 2. DEILD KVENNA SUÐUR	19
2. DEILD KVENNA NORÐUR.....	20
2. DEILD KVENNA AUSTUR	20
ÚRSLITAKEPPNI Í 2. DEILD KVENNA.....	21
3. DEILD KVENNA.....	21
ÚRSLITAKEPPNI Í 3. DEILD KVENNA	23
BROSBÍKARINN 2009.....	24
FRAMHALDSSKÓLAMÓT Í BLAKI.....	28
SKÝRSLA YNGRIFLOKKANEFNDAR BLÍ	29
KRAKKABLAK	30
ÍSLANDSMÓT BLÍ	31
SAMANLÖGÐ ÚRSLIT YNGRIFLOKKA 2008-2009.....	33
ÚRSLIT BÍKARKEPPNI YNGRIFLOKKA.....	38
GRUNNSKÓLAMÓT Í BLAKI.....	39

HÆFILEIKABÚÐIR BLÍ	39
LOKAORÐ	40
SKÝRSLA LANDSLIÐSNEFNDAR	41
KARLALANDSLIÐ ÍSLANDS	41
KVENNALANDSLIÐ ÍSLANDS	42
ÚRSLIT LEIKJA STARFSÁRIÐ 2008-2009 HJÁ LANDSLIÐUM ÍSLANDS	43
LEIKMENN UNGLINGALANDSLIÐANNA 2008	45
STRANDBLAK - ÁRSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 2008	47
MÓT	47
1. STIGAMÓT BLÍ Á ÞINGEYRI ÞANN 5. JÚLÍ 2008	48
2. STIGAMÓT BLÍ Á AKUREYRI ÞANN 12. JÚLÍ 2008	48
3. STIGAMÓT BLÍ – ÍSLANDSMÓT Í FAGRALUNDI ÞANN 16. ÁGÚST 2008	49
LOKAORÐ	50
SKÝRSLA DÓMARANEFNDAR BLÍ KEPPNISTÍMABIL ID 2008 – 2009	51
ÞINGGERÐ 34. ÖLDUNGAPINGS BLÍ 2009	55
SKÝRSLA FRAMKVÆMDANEFNDAR NEVZA U19	58
AÐDRAGANDI	58
FRAMKVÆMDARNEFND NEVZA U19	59
SAMSTARFSADILAR	59
FRAMKVÆMD MÓTSINS	59
LOKAORÐ	59
ÁRSREIKNINGUR 2008	61
VIÐAUKAR	68
HEIÐURSMERKISHAFAR BLÍ - GULL	68
SILFURMERKISHAFAR BLÍ - SILFUR	68
BLAKMENN ÁRSINS FRÁ UPPHAFI	68
REFSINGAR OG STAÐA SPJALDA EFTIR LEIKTÍMABILID	69
DÓMARAR - TÍMABILID 2008-2009	70
STIGASKOR LEIKMANNA Í 1. DEILD KVENNA	71
STIGASKOR LEIKMANNA Í 1. DEILD KARLA	72
ÚRSLIT LEIKJA	73

Blaksamband Íslands

2007-2008

Stjórn BLÍ

Formaður	Jason Ívarsson
Varaformaður	Stefán Jóhannesson
Gjaldkeri	Óskar Hauksson
Ritari	Harald Ísaksen
Meðstjórnandi	Davíð Búi Halldórsson
Varastjórn	Svala Vignisdóttir Hreggviður Norðdahl Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir
Framkvæmdastjóri	Sævar M ár Guðmundsson

Nefndir BLÍ

<u>Mótanefnd</u> Sævar Már Guðmundsson, formaður Jason Ívarsson	<u>Landsliðsnefnd</u> Stefán Jóhannesson, formaður Óskar Hauksson og í U19 Ingibjörg Gunnarsdóttir Vignir Þröstur Hlöðversson Svala Vignisdóttir fyrir U17
<u>Dómaranefnd</u> Jón Ólafur Valdimarsson, formaður Sævar Már Guðmundsson <u>Framkvæmdanefnd NEZVA U19</u> Sigurður Arnar Ólafsson, formaður Valdimar Hafsteinsson Auður Hauksdóttir Sævar Már Guðmundsson	<u>Yngriflokkanefnd</u> Aðalsteinn Einar Eymundsson, formaður Emil Gunnarsson Guðrún Kristín Einarsdóttir Viðar Gylfason Valtýr Helgason Ásta Sigrún Gylfadóttir Brynjar Pétursson
<u>Skoðunarmenn reikninga</u> Hjörtur Halldórsson Aðalsteinn Einar Eymundsson	<u>Strandblaksnefnd</u> Karl Sigurðsson Einar Sigurðsson Brynjar Pétursson
<u>Aganefnd</u> Hreggviður Nordahl Jón Gunnar Sveinsson Þorvaldur Sigurðsson	<u>Fjölmiðlafulltrúi</u> Stefán Jóhannesson

Fjöldi blakiðkenda frá 1969 og fulltrúar á blakþingi árið 2009

ár	fjöldi	ár	fjöldi	ár	fjöldi	ár	fjöldi
1969	206	1979	2567	1989	2869	1999	1662
1970	237	1980	2579	1990	2718	2000	1862
1971	479	1981	2513	1991	2567	2001	1345
1972	649	1982	2519	1992	2200	2002	1786
1973	855	1983	2426	1993	2074	2003	1981
1974	1334	1984	2362	1994	1848	2004	1830
1975	1609	1985	2362	1995	1961	2005	1624
1976	1974	1986	2775	1996	1592	2006	1827
1977	2257	1987	2955	1997	1592	2007	1918
1978	2501	1988	2906	1998	1217	2008	2076

Íþróttabandalag / Héraðssamband	Merki	Fjöldi iðkenda	Fulltrúar á þingi	Fulltr.v/liða
Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu	HSH	233	6	
Héraðssamband S-Þingeyinga	HSÞ	60	3	
Héraðssamband Vestfirðinga	HSV	75	3	
Héraðssambandið Hrafnaflóki	HHF	43	2	
Héraðssambandið Skarphéðinn	HSK	225	6	
Íþróttabandalag Akraness	ÍA	49	2	
Íþróttabandalag Akureyrar	ÍBA	180	5	1
Íþróttabandalag Reykjavíkur	ÍBR	309	8	3
Ungmenna og íþróttasamband Austurlands	ÚÍA	352	9	1
Ungmennasamband Borgarfjarðar	UMSB	18	1	
Ungmennasamband Eyjafjarðar	UMSE	14	1	
Ungmennasamband Kjalarnesþings	UMSK	368	9	3
Ungmennasamband Norður Þingeyinga	UNÞ	14	1	
Ungmennasambandið Úlfliótur	USÚ	136	4	
Samtals		2076	60	8

Samtals fulltrúar

68

Dagskrá

37. ársþings BLÍ, haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal í Reykjavík,

laugardaginn 16. maí 2009, kl. 10.30

1. Þingsetning, kosning þingforseta og ritara
2. Kosning í starfsnefndir þingsins;
 - a) Kjörbréfanefnd
 - b) Fjárhagsnefnd,
 - c) Laga- og leikreglnafnd,
 - d) Allsherjarnefnd,
 - e) Uppstillingarnefnd
4. Skýrsla stjórnar
5. Reikningar síðasta starfsárs
6. Ávarp fulltrúa ÍSÍ
7. Ávarp annarra boðsgesta
8. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs
9. Laga- og leikreglnabreytingar
10. Aðrar tillögur og mál lögð fyrir þingið
11. Umræður um framkomin mál og tillögur

Þinghlé

12. Nefndarstörf
13. Nefndarálit, tillögur og atkvæðagreiðslur
14. Ákveðið gjald ævifélaga
15. Önnur mál
16. Kosningar;
 - a) formanns BLÍ til tveggja ára,
 - b) tveggja meðstjórnenda til tveggja ára,
 - c) þriggja í varastjórn til eins árs,
 - d) tveggja skoðunarmanna reikninga

Þingslit

Skýrsla stjórnar BLÍ 2008-2009

Stjórn og framkvæmdastjórn

Á síðasta ársþingi voru Stefán Jóhannesson og Davíð Búi Halldórsson kosnir inn í stjórn BLÍ. Verkaskipting stjórnar var ákveðin á fyrsta fundinum þann 12. júní 2008. Stefán Jóhannesson tók sæti varaformanns, Óskar Hauksson gjaldkeri, Harald Ísaksen ritari og Davíð Búi Halldórsson meðstjórnandi.

Á starfsárinu voru haldnir 7 stjórnarfundir en töluvert var um samskipti á tölvupósti. Stjórn BLÍ endurnýjaði ráðningu Sævars Mús Guðmundssonar sem framkvæmdastjóra BLÍ. Stjórnarfundir voru ætíð á skrifstofu sambandsins. Skrifstofa fékk að gjöf nýja tölvu og fjölnota tæki sem bætti til muna starfsaðstöðu framkvæmdastjóra og ber að þakka viðkomandi fyrir.

Á fyrsta fundinum var farið yfir nefndir og formenn skipaðir. Stefán Jóhannesson stýrir landsliðsnefnd en undir henni eru nefndir fyrir U17 og U19. Óskar Hauksson er í forsvari fyrir U19 og Svala Vignisdóttir er í forsvari fyrir U17., Jón Ólafur Valdimarsson er formaður dómarnefndar. Framkvæmdastjóri BLÍ er formaður mótanefndar, Karl Sigurðsson er formaður strandblaksnefndar og Stefán Jóhannesson verður áfram fjölmiðlafulltrúi. Ákveðið var að fresta því að skipa formann yngriflokkarnefndar en síðar var Aðalsteinn Einar Eymundsson settur formaður nefndarinnar. Þá var ákveðið að formaður og framkvæmdastjóri myndu sitja alla fundi nefndarinnar. Á fundinum var fjárhagsnefnd stofnuð en í henni eru Óskar Hauksson og Davíð Búi Halldórsson.

Móta- og dómaramál

Keppnistímabilið 2008-2009 var glæsilegt að vanda. Fjöldi deildarleikja hefur aldrei verið meiri og umfangið á mótahaldinu var svipað og á síðasta keppnistímabili. Spilað var í þremur deildum og voru alls 64 lið sem léku í Íslandsmóti meistaraflokka.

Úrslitakeppnir voru haldnar að loknum öllum deildum. Hefðbundin úrslitakeppni var í efstu deildunum sem kláraðist á tveimur vikum og aðeins var ein rimma sem endaði í oddaleik. Úrslitakeppni 2. deildar fór fram í Reykjavík 20. - 21. mars þar sem leikið var í undanúrslitum og úrslitum hjá báðum kynjum. Úrslitakeppnin í 3. deild kvenna fór fram á Álftanesi um sömu helgi og mættu þangað 17 lið til keppni. Blakdeild UMF Álftaness hafði veg og vanda að skipulagningu mótsins í samvinnu við BLÍ og gekk allt saman vel. BLÍ vill þakka blakdeild UMF Álftanes kærlega fyrir aðstoðina með úrslitakeppnina.

Framhaldsskólar landsins héldu hátíð sem nefndist íþróttavakning framhaldsskólanna. 10 lið skráðu sig þar til keppni í blaki. Vonandi verður áframhald á þessu framtaki skólanna sem mun koma blakinu til góða.

Blaksambandið tók að sér að halda U19 NEVZA mótið í september. Mótið var haldið á Akureyri í umsjón KA. Keppendur og aðstandendur liðanna voru sammála um það að framkvæmd og öll aðstaða á mótisstað hefði verið til fyrirmyndar. Blakdeild KA er hér með færðar bestu þakkir fyrir framkvæmdina.

Fleiri dómarar klífa metorðalistann hjá BLÍ en þeim sem hafa réttindi til að dæma í efstu deildum hefur fjölgað til muna. Fyrir þetta tímabil fengu Ólafur Jóhann Júlíusson og Reynir Árnason landsdómararéttindi og á miðju tímabili fékk Svala Vignisdóttir landsdómararéttindi. Alþjóðadómaramenn okkar fengu mörg verkefni á erlendra grundu og fékk Jón Ólafur ærið verkefni þegar hann dæmdi í Evrópukeppni landsliða U17 í Rússlandi í janúar. Þar fékk hann góða dóma frá matsaðilum og mótshöldurum fyrir dómgæsluna.

Árs- og uppskeruhátíð BLÍ

Hátíðin var haldin í Þróttaraheimilinu þann 21. mars 2009 og tókst hún mjög vel í alla staði en þema hennar var sumar!. Heiðursgestur var Kristján L. Möller, samgönguráðherra. Veislustjóri var Birgir Örn Steinarsson sem sá einnig um tónlistina. Verðlaun frá KLM voru veitt til liða ársins í karla- og kvennaflokki og útnefndir voru bestu og efnilegust leikmenn ársins ásamt dómara ársins.

Lið ársins í 1. deild kvenna



- ✓ **Stigahæst í uppgjöf:** Lilja Jónsdóttir, Þrótti Reykjavík með 36 stig.
- ✓ **Uppspilari ársins:** Kristín Salín Þórhallsdóttir, Þrótti Nes.
- ✓ **Stigahæst í hávörn:** Lilja Jónsdóttir, Þrótti Reykjavík með 35 stig.
- ✓ **Stigahæsti sóknarmaður:** Miglena Apostolova, Þrótti Nes með 181 stig.
- ✓ **Besti frelsingi:** Sæunn Skúladóttir, Þrótti R.

Stigahæsti leikmaður 1. deildar kvenna var Miglena Apostolova, Þrótti Nes með 221 stig. Í öðru sæti var Lilja Jónsdóttir, Þrótti R með 187 stig og í því þriðja Karen Björg Gunnarsdóttir, HK með 144 stig.

Lið ársins í 1. deild karla



- ✓ **Stigahæstur í uppgjöf:** Piotr Kempisty, KA með 28 stig
- ✓ **Uppspilari ársins:** Filip Szewczyk, KA.
- ✓ **Stigahæstur í hávörn:** Áki Thoroddsen, Þrótti R með 31 stig.
- ✓ **Stigahæstur í sókn:** Piotr Kempisty, KA með 167 stig.
- ✓ **Besti frelsinginn:** Halldór Ingi Kárasen, Þrótti R og Árni Björnsson, KA deildu titlinum.

Stigahæsti leikmaður 1. deildar karla var Piotr Kempisty, KA með 212 stig. Í öðru sæti var Masayuki Takahashi, Þrótti Reykjavík með 202 stig og í því þriðja var Aleksander Simeonov, Stjörnunni með 143 stig.

Besti dómari tímabilsins 2008-2009: Sævar Már Guðmundsson
Besti leikmaður 1. Deildar kvenna var kjörin Miglena Apostolova, Þrótti Nes

Bestu leikmenn 1. Deildar karla voru jafnir í kjöri, Masayuki Takahashi Þrótti R og Piotr Kempisty, KA.

Besti leikmaður 2. Deildar karla var kjörinn Ivo Bartkevics, Fylki.



Besti leikmaður 2. Deildar kvenna var ekki útnefnd þar sem kjörsókn var slök.

Besti leikmaður 3. Deildar kvenna var kjörin Matthildur Þórarinsdóttir, Álftanesi.



Efnilegustu leikmenn 1. Deildar

Helena Kristín Gunnarsdóttir, Þrótti Nes
 Orri Þór Jónsson, HK.

Blakmaður og kona ársins 2007

Í samvinnu við ÍSÍ valdi stjórn BLÍ blakmann og blakkonu ársins 2008.

Blakmaður ársins 2008 var Vignir Þröstur Hlöðversson, leikmaður Stjörunnar í Garðabæ. Vignir leiddi lið sitt, Stjörnuna, til sigurs í öllum keppnum á síðasta tímabili. Liðið vann deildina nokkuð örugglega og varð bikarmeistari í sjötta sinn í röð eftir sigurleik við KA. Liðið varð Íslandsmeistari eftir mjög spennandi leiki við Þrótt þar sem úrslitin réðust í oddaleik. Stjarnan hefur unnið 17 af síðustu 18 titlum á 6 ára tímabili undir stjórn Vignis Hlöðverssonar en hann hefur verið fyrirliði liðsins og þjálfari undanfarin ár.

Í vor hljóp Vignir undir bagga með A landsliðinu þegar hann var kallaður inn í hópinn tveimur vikum fyrir mót. Þar spilaði hann stöðu frelsingja en hann spilaði sinn 94. landsleik sem er landsleikjamet allra íslenskra landsliðsmanna í blaki. Landsliðið vann tvo af þremur leikjum sínum á árinu og komst í úrslit í Evrópukeppni Smáþjóða sem fram fer 26.-28. júní 2009.



Blakkona ársins 2008 var Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir en hún hefur um árabil verið meðal bestu blakkvenna landsins þrátt fyrir ungan aldur. Jóna Guðlaug leikur nú með Tromsø Volley í Noregi og er vel að þessum verðlaunum komin enda leiddi hún lið sitt, Þrótt Nes, til sigurs í öllum keppnum á síðasta keppnistímabili. Þróttur Nes vann titlana í Íslandsmóttinu, deildakeppninni og í bikarkeppninni árið 2008 en auk þess var hún valin besti leikmaður 1. deildar kvenna í leikmannavali í vor. Jóna Guðlaug var stigadrottningin á síðasta ári með flest stig skorud og efst í sóknarstigum og stigum skorudum úr uppgjöf.



Á þessu ári lék Jóna sinn 28. landsleik með A landsliðinu en liðið tók þátt í Evrópukeppni landsliða í fyrsta sinn auk þess sem að spila í Evrópukeppni Smáþjóða. Jóna hefur verið burðarásinn í landsliðum Íslands undanfarin ár en hún er aðeins 19 ára gömul og var m.a. í U19 ára landsliðinu þegar liðið hafnaði í þriðja sæti í Norðurlandamóttinu á Akureyri í haust. Á móttinu var hún valin besti leikmaður mótsins (MVP).

Fjölmiðlar og samskipti

Samskipti við fjölmiðla í landinu voru ágæt á starfsárinu. Umfjöllun um íþróttina í fjölmiðlum hefur því miður farið minnkandi ár frá ári og sérstaklega er bagalegt hversu sjónvarpið hefur staðið sig illa aðundanförnu. Engin bein útsending var í sjónvarpinu á þessu starfsári. Undirbúningur er hafinn að því að fá sjónvarpið til þess að sýna meira frá blaki en gert hefur verið. Upplýsingaflæði frá skrifstofu sambandsins var gott þar sem nýja heimasíðan sendir sjálfkrafa út fréttir. Morgunblaðið greindi þó vel frá úrslitum ef þeim var komið til blaðsins, og segja má að sá miðill hafi staðið sig hvað best í umfjöllun um blakið. Volleyball.is er nýr vettvangur fyrir umfjöllun um blak og er hann kærkomin viðbót í miðlun fréttu af starfinu.

Samskiptin við félögin voru góð en heimasíðan og tölvupóstur eru sterkustu tækin til þess að miðla upplýsingum til félaganna.

Viðurkenningar

Á haustdögum 2008 voru Vigfús Gíslason og Viðar Gylfason sæmdir silfurmerki BLÍ fyrir góð störf að blakmálum. Í janúar 2009 var Guðmundur Helgi Þorsteinsson, fyrrverandi varaformaður BLÍ og núverandi forstöðumaður alþjóða og þróunarsviðs alþjóða blaksambandsins, sæmdur gullmerki BLÍ fyrir mikið og gott starf í þágu blaksins á Íslandi.

Erlend samskipti

Í júní sótti formaður BLÍ ársþing FIVB sem haldið var í Dubai. Þar bar helst til tíðinda að forseti sambandsins síðustu 24 ár sagði af sér og varaforsetinn tók við. Vegna þess hve tímarammi þingsins var þröngur þá tókst ekki að halda formlega fundi NEVZA eða SCD þjóðanna. Fulltrúar þessara þjóða ræddust óformlega við en engar ákvarðanir voru teknar.

Formaður sambandsins fór einnig á ársþing CEV til Madridar á Spáni í lok september. Þar var einnig haldinn fundur NEVZA sem gekk vel. Á þeim fundi var ákveðið að efla starfið enn frekar og stofnaðir voru

fjórir vinnuhópa, hver með sitt málefni: Strandblak, norðurlandakeppni meistaraliða, NEVZA mótin og þjálfaramenntun. Hugmyndin var að haldnir yrðu fundir í þessum vinnuhópum með fulltrúum frá öllum þjóðunum.

Ársfundur SCD var haldinn í Liechtenstein í janúar 2009 og mætti formaður BLÍ þangað í boði færeyska blaksambandsins. Þar kom m.a. fram að CEV myndi greiða þrjá flugmiða á ári til handa smáþjóðunum til þess að auðvelda þeim að mæta á ársþing CEV. Ákveðið var að Ísland, Grænland og N-Írland nytu góðs af þessu á árinu 2009. Þá var ákveðið að undankeppnirnar í EM SCD yrðu á Möltu og í Skotlandi fyrir karlana og í kvennaflokki yrðu keppnirnar á Möltu og í Liechtenstein. Þar kom einnig fram að fyrirhugað er að koma á fót keppni í strandblaki fyrir þjóðirnar en þó ekki fyrr en sumarið 2010.

Fjármál

Velta sambandsins var rúmar 23 milljónir á síðasta ári og rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði rétt rúm hálf milljón. Veltan jókst á milli ára og tapið minnkaði frá fyrra ári með teknu tilliti til fjármagnsliða og er það skref í rétta átt.

Framtíðin

Starfsemi Blaksambandsins hefur vaxið mikið á undanförnum árum eins og ársskýsla sambandsins bera með sér. 8 landslið keppa á vegum sambandsins á hinum ýmsu mótum, liðum á yngriflokkamótum fjölgar og nýlukið er fjölmennasta og glæsilegasta öldungamóti hingað til. Það gefur auga leið að aukin starfsemi kallar á aukið fjármagn og fleiri hendur til þess að vinna verkin. Meginverkefni næstu stjórnar verður að koma fjármálum hreyfingarinnar í ásættanlegt horf. Það verður ekki létt verk í því umhverfi sem við búum við um þessar mundir. Einnig verður að fá fleiri til þess að koma og starfa fyrir hreyfinguna ef takast á að auka vöxt og viðgang íþróttarinnar. Bráðnauðsynlegt er að endurvekjá skólamótin í blaki til þess að ná enn betur til yngri iðkenda og þar með að fjölga þeim sem spila blak.

Gera verður þá lágmarkskröfu til Sjónvarpsins að það sýni úrslitaleiki bikarkeppninnar í beinni útsendingu.

Blaksamband Íslands verður ekki sterkara en félögin sem að því standa. Það eru félögin í landinu sem leggja grunninn að starfsemi blakhreyfingarinnar. BLÍ mun nú sem fyrr skapa félögunum umgjörð til þess að starfa eftir.

Að lokum þakkar stjórn BLÍ öllum þeim sem unnu fyrir hreyfinguna á síðasta starfsári með óskum um að blakfólk nái að vinna enn frekari afrek á næstunni og komi íslensku blaki með því áfram í blakheiminum.

Stjórn Blaksambands Íslands

Skýrsla mótanefndar BLÍ

Störf mótanefndar hófust í júní 2008 þegar óskað var eftir skráningum í Íslandsmót BLÍ 2008-2009. Félögin voru fljót að skrá sig og var hægt að byrja að raða móti um miðjan ágúst í 1. og 2. deild. Drög að niðurröðun leikja voru síðan send til félaganna í byrjun september en liðin sem skráðu sig til keppni voru alls 40 talsins.

Á haustdögum var svo kallað eftir skráningum í bikarkeppni og í 3. deild kvenna en þar var keppnisfyrirkomulagið svipað eins og keppnistímabilið á undan. Alls skráðu 24 lið sig til keppni í 3. deild kvenna. Í tveimur 7 liða suðurriðlum spiluðu þrjú lið af Snæfellsnesinu, 1 lið frá Ísafirði og 10 lið af stórhöfuðborgarsvæðinu. Fyrri mótið var haldið í Mosfellsbæ í lok október og var þá skipt upp í tvo riðla. Riðlarnir héldust á milli mótanna en síðara mótið var haldið í Ólafsvík um miðjan febrúar. Þá voru spilaðir riðlar á Norðurlandi (4 lið), heima og heiman og á Austurlandi (5 lið) í þremur mótum. Úrslitamótið var í höndum blakdeildar UMF Álftaness og mættu 17 lið til keppni af þeim 24 sem tóku þátt. Öll efstu liðin úr riðlunum mættu til leiks og spiluðu í 6 liða úrslitariðli. Síðan var leikið um sæti 7-11 í 5 liða riðli og 12-17 í 6 liða riðli. Mótið þótti heppnast afar vel á Álftanesi og var spennan gríðarleg um þrjú efstu sætin.

Í bikarkeppninni var svo leikið eftir nýjum reglum sem stjórn BLÍ samþykkti í september. Fyrsta mótið var haldið í tengslum við 80 ára afmælishátíð Víkings í Ólafsvík 10.-11. október 2008 en samtals voru 6 lið skráð til keppni í karlaflokki og 8 lið í kvennaflokki. Keppt var í riðlum í Ólafsvík og sigurvegarar riðlanna fóru beint í undanúrslitaleik. Síðara mótið fór fram á Akureyri 13.-14. febrúar þar sem öll liðin voru sett í deild og leikið um tvö efstu sætin áfram í undanúrslitin. Undanúrslit og úrslit fóru fram í Laugardalshöllinni 14.-15. Mars 2009.

Alls voru 447 opinberir blakleikir í vetur; 336 deildarleikir, 51 bikarleikur og 60 leikir í úrslitakeppni eftir deildakeppnir.

Haustmót BLÍ

Stjórn BLÍ ákvað í byrjun september að fela Þrótti Reykjavík að halda haustmót BLÍ árið 2008. Mótið fór fram í Austurbergi sunnudaginn 28. September en 6 karlalið og 11 kvennalið skráðu sig til leiks. Þróttur Reykjavík varð haustmótsmeistari 2008 í karlaflokki og HK varð haustmótsmeistari í kvennaflokki árið 2008.

1. deild kvenna

Fjögur lið voru í 1. deild kvenna á keppnistímabilinu og leikin var fjórföld umferð. Fyrsti leikurinn var 17. október 2008 og síðustu leikir í deild voru 21. mars 2009. Þróttur N, HK, Þróttur R. og Fylkir léku sín á milli yfir veturinn í 24 leikjum. Deildarmeistarar 2009 í kvennaflokki var HK.

Lokastaða þann 21.mars 2009

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur		Stigaskor		Nettó	Stig
1.	HK	12	11	1	35	5	960	749	211	35
2.	Þróttur N	12	7	5	23	20	937	910	27	23
3.	Þróttur R.	12	5	7	20	23	915	934	-19	20
4.	Fylkir	12	1	11	3	33	666	885	-219	3

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

Stigahæsti leikmaður deildarinnar var Miglena Apostolova úr Þrótti Nes með 221 stig en hún var stigahæst í sókn með 181 stig. Stigahæst í hávörn var Lilja Jónsdóttir úr Þrótti R með 35 stig og hún var einnig stigahæst í uppgjöfum með 36 stig. Yfirlit stiga leikmanna deildarinnar má finna í viðauka aftast í skýrslunni.

Úrslitakeppni kvenna

Leikin var úrslitakeppni í kvennaflokki að Íslandsmóti loknu. Í undanúrslitum í lok mars lék HK við Fylki annars vegar og Þróttur Nes við Þrótt Reykjavík hins vegar. Báðar viðureignirnar fóru 2-0 og léku HK og Þróttur Nes því til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn. Úrslitarimman hófst 1. apríl í Digranesi og lauk 3. apríl í Neskaupstað að viðstöddum 450 áhorfendum.

HK vann á sínum heimavelli 3-1 og fór austur með gott veganesti fyrir leik nr.2. Fjöldmargir áhorfendur voru mættir til að styðja við hið unga lið sitt í Þrótti Nes en HK konur voru staðráðnar í að láta það ekki á sig fá og vinna leikinn. HK vann leikinn 0-3 og varð Íslandsmeistari í fyrsta sinn síðan 1995 og annað sinn allt í sögu félagsins. Það var Karen Björg Gunnarsdóttir sem tók við bikarnum úr höndum Jasonar Ívarssonar formanns BLÍ að leik loknum.

Úrslit einstakra leikja í úrslitakeppni:

Dags.	Heimalið	Utileið	Völlur	Úrslit
25.3.2009	Þróttur N	Þróttur R	Neskaupstaður	3-2 (27-25,25-12,22-25,19-25,15-7)
25.3.2009	HK	Fylkir	Digranes	3-0 (25-23,25-14,25-16)
27.3.2009	Þróttur R	Þróttur N	KHÍ	1-3 (15-25,29-31,25-18,20-25)
27.3.2009	Fylkir	HK	Fylkishöll	1-3 (15-25,25-22,6-25,15-25)
1.4.2009	HK	Þróttur N	Digranes	3-1 (26-24,25-15,19-25,25-17)
3.4.2009	Þróttur N	HK	Neskaupstaður	0-3 (21-25,12-25,14-25)

Íslandsmeistarar HK:

Karen Björg Gunnarsdóttir, fyrirlíði, Ingibjörg Gunnarsdóttir, Zaharina Filipova, Guðrún Ása Kristleifsdóttir, Karen Björg Gunnarsdóttir, Birna Sigrún Hallsdóttir, Laufey Björk Sigmundsdóttir, Birta Björnsdóttir, Stefanía Ruth Reynisdóttir, Dagbjört Víglundsdóttir, Þórey Haraldsdóttir.

1. deild karla

Fjögur lið voru í 1. deild karla á keppnistímabilinu og leikin var fjórföld umferð. Fyrsti leikurinn var 15. október 2008 þegar Þróttur Reykjavík heimsótti Stjörnuna í Garðabæinn. Síðustu leikirnir voru þann 21. mars 2009. Auk Þróttar R og Stjörnnunar voru KA og HK í deildinni og léku liðin alls 24 leiki yfir veturinn. Deildarmeistarar 2009 í karlaflokki var Þróttur Reykjavík.

Lokastaða þann 21. mars 2009

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur		Stigaskor		Nettó	Stig
1.	Þróttur	12	10	2	33	8	979	742	237	33
2.	KA	12	8	4	25	21	1007	1000	7	25
3.	Stjarnan	12	6	6	23	22	986	985	1	23
4.	HK	12	0	12	6	36	796	1041	-245	6

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

Stigahæsti leikmaður deildarinnar var Piotr Kempisty, KA með 212 stig en hann skoraði flest stig úr sókn eða 167 stig og átti flest stig skoruð úr uppgjöf, 28 talsins. Stigahæstur í hávörn var Áki Thoroddsen, Þrótti Reykjavík. Yfirlit stiga leikmanna deildarinnar má finna í viðauka aftast í skýrslunni.

Úrslitakeppni karla

Leikin var úrslitakeppni í karlaflokki að Íslandsmóti loknu. Í undanúrslitum léku Þróttur R og HK annars vegar og Stjarnan og KA hins vegar. Þróttur R sigraði HK nokkuð auðveldlega í tveimur leikjum 2-0. Stjarnan og KA háðu harða þriggja leikja rimmu. KA sigraði 3-2 á sínum heimavelli 26. mars en Stjarnan sigraði í leik nr. 2 í Ásgarði 3-2 tveimur dögum síðar. Þann 30. mars var svo oddaleikur liðanna háður á Akureyri þar sem Stjörnumenn höfðu betur, 1-3 og komust í úrslitin um Íslandsmeistaratitilinn í sjöunda sinn í röð.

Í úrslitum til Íslandsmeistaratitils mættust Stjarnan og Þróttur R. Ljóst var að viðureignin gæti orðið æsispennandi þar sem um tvö sterkustu lið deildarinnar var að ræða. Fyrri leikur liðanna endaði 3-0, Þrótti í vil en hann fór fram 2. apríl í Íþróttahúsi Háskóla Íslands við Háteigsveg. Annar leikur liðanna fór fram á heimavelli Stjörnnunar, í Ásgarði laugardaginn 4. apríl. Fjölmargir áhorfendur mættu á leikinn og sáu lið Þróttar vinna Stjörnuna annað sinnið 0-3 og hampa Íslandsmeistaratitlinu, þeim fyrsta í 10 ár. Valur Guðjón Valsson fyrirlíði Þróttar tók við bikarum úr höndum Jasonar Ívarssonar formanns BLÍ að leik loknum.

Úrslit einstakra leikja í úrslitakeppni:

Dags.	Heimalið	Utlíð	Völlur	Úrslit
26.3.2009	KA	Stjarnan	KA-heimili	3-2 (25-22,18-25,25-23,19-25,15-10)
26.3.2009	Þróttur R	HK	KHÍ	3-0 (25-16,25-10,25-20)
28.3.2009	Stjarnan	KA	Ásgarður	3-2 (25-16,22-25,25-17,19-25,15-8)
29.3.2009	HK	Þróttur R	Digranes	0-3 (8-25,22-25,17-25)
30.3.2009	KA	Stjarnan	KA-heimili	1-3 (21-25,20-25,25-23,22-25)
2.4.2009	Þróttur R	Stjarnan	KHÍ	3-0 (25-12,25-20,25-15)
4.4.2009	Stjarnan	Þróttur R	Ásgarður	0-3 (21-25,24-26,15-25)

Íslandsmeistarar Þróttar R:

Valur Guðjón Valsson fyrirliði, Jón Ólafur Valdimarsson, Michael Overhage, þjálfari, Ólafur Heimir Guðmundsson, Guðmundur P. Guðmundsson, Martin David, Sævar Már Guðmundsson, Masayuki Takahashi, Jóhann Sigurðsson, Aðalsteinn Eymundsson, Halldór Ingi Kárasón, Áki Thoroddsen.

2. deild karla suður

Átta lið skráðu sig til leiks í 2. deild karla suðurríðil. Suðurríðlinum var skipt í tvennt, A og B og fóru riðlarnir af stað í lok október 2008. Fyrirkomulagið var eins og áður hefur verið, tvöföld umferð og leikið heima og heiman. Eftir riðlakeppnina var leikið í milliriðlum til að úrskurða hvaða tvö lið færu í úrslitakeppnina á landsvísi. Grundfirðingar komu inn í keppnina ásamt tveimur liðum úr Aftureldingu og einu ungu liði frá Stjörnunni. Grundfirðingarnir voru örugglega kraftmesta lið keppinnar því samtals spiluðu þeir 29 hrinur af 30 mögulegum í riðlakeppninni.

Þróttur 2 vann A riðilinn eftir harða baráttu við Hamar en Fylkir vann B riðilinn eftir að hafa ekki tapað hrinu í mótinu.

2.d.kk. suður A Lokastaðan 23. febrúar 2009

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur		Stigaskor		Nettó	Stig
1.	Þróttur 2	6	5	1	17	7	558	466	92	17
2.	Hamar	6	5	1	15	9	531	488	43	15
3.	UMFG	6	1	5	12	17	581	637	-56	12
4.	Afturelding 1	6	1	5	6	17	465	544	-79	6

Úrslit einstakra leikja má finna í við auka aftast í skýrslunni

2.d.kk. Suður B Lokastaðan 19. febrúar 2009

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur		Stigaskor		Nettó	Stig
1.	Fylkir	6	6	0	18	0	454	317	137	18
2.	Hrunamenn	6	4	2	12	6	413	323	90	12
3.	Afturelding 2	6	2	4	6	14	367	465	-98	6
4.	Stjarnan	6	0	6	2	18	358	487	-129	2

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

Milliriðlar í 2. deild karla suður

Spilaðir voru tveir krossar milli riðla í 2. deild karla suður. 1A spilaði við 2B og svo framvegis. Röð liða í 2. deild karla suður var þessi:

Sæti	Félag
1.-2.	Fylkir
1.-2.	Þróttur R 2
3.	Hrunamenn
4.	Hamar
5.	Afturelding 2
6.	Stjarnan
7.	Afturelding 1
8.	UMFG

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

2. deild karla austur

Í 2. deild karla fyrir austan skráðu sig 3 lið til keppni, Þróttur N., Huginn A og Huginn B. Liðin léku samtals 12 leiki frá lok nóvember fram í miðjan mars og varð Þróttur N efsta liðið með 24 stig. Huginn A lenti í 2. sæti með 13 stig og þau lið fóru því í úrslitakeppnina.

Lokastaða þann 20. mars 2009

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur		Stigaskor		Nettó	Stig
1.	Þróttur N	8	8	0	24	2	637	447	190	24
2.	Huginn A	8	4	4	13	16	577	654	-77	13
3.	Huginn B	8	0	8	5	24	570	683	-113	5

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

Úrslitakeppni 2. deildar karla

Keppnin var haldin sama dag og lokaumferðin í 1. deildinni, þ.e. 21. mars 2009. Vegna húsnæðisskorts í Reykjavík var keppnin sett á einn dag og sett upp þannig að auðvelt var að leika keppnina á einum degi. Keppnin fór fram í Hagaskóla og voru undanúrslitaleikirnir spilaðir um morguninn og leikir um þriðja sæti og úrslitaleikur síðar um daginn.

Undanúrslit 1:	Fylkir-Huginn A	3-0 (25-8,25-17,25-12)
Undanúrslit 2:	Þróttur R2 – Þróttur N	3-0 (25-17,25-22,25-13)
Leikur um 3. sætið:	Huginn A-Þróttur N	1-3 (26-24,15-25,22-25,15-25)
Úrslitaleikur:	Fylkir-Þróttur R 2	3-0 (25-13,25-19,25-15)

Fylkir varð því deildarmeistari 2. deildar karla árið 2009, Þróttur R 2 í 2. sæti og Þróttur N í því þriðja.

2. deild kvenna suður A

Alls tóku 10 lið þátt í tveimur riðlum í 2. deild kvenna á Suðurlandi, 6 lið í austurriðli og 5 lið í norðurriðli. Riðlarnir hófust í lok október. Eftir riðlakeppnina á suðurlandi var spilað í milliriðlum þannig að leikið var upp á hvert sæti og tvö efstu liðin komust í úrslitakeppnina sem fram fór 21. mars 2009. A riðill suður var nokkuð jafn og spennandi en Stjarnan A tók þó forystuna, vann alla sína leiki og endaði með fullt hús stiga.

Lokastaðan þann 2. mars 2009.

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur		Stigaskor		Nettó	Stig
1.	Stjarnan A	8	8	0	24	2	647	410	237	24
2.	ÍK	8	6	2	18	8	595	496	99	18
3.	Bresi	8	4	4	14	17	634	672	-38	14
4.	Fylkir	8	1	7	9	21	585	651	-66	9
5.	Þróttur B	8	1	7	6	23	451	683	-232	6

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

2. deild kvenna suður B

Keppni í B riðli var nokkuð jöfn en Þróttur C vann riðilinn nokkuð örugglega með fullt hús stiga. Lið HK Utd. var þeirra helsta ógn en þær lentu í öðru sæti riðilsins eftir harða keppni við B lið HK sem var ungt og efnilegt lið.

Lokastaða þann 2. mars 2009.

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur		Stigaskor		Nettó	Stig
1.	Þróttur C	8	8	0	24	7	735	561	174	24
2.	HK Utd.	8	5	3	19	13	688	657	31	19
3.	HK B	8	5	3	18	11	643	592	51	18
4.	Afturelding	8	2	6	11	18	583	632	-49	11
5.	Stjarnan B	8	0	8	1	24	418	625	-207	1

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

Milliriðlar 2. deild kvenna suður

Spilað var í kross milli tveggja efstu liðanna í riðlunum og svo spilaði 3. sæti A við 3. sæti B o.s.frv. Röð liða í 2. deild kvenna suður var þessi:

Sæti	Félag
1.-2.	Stjarnan A
1.-2.	Þróttur R C
3.-4.	ÍK
3.-4.	HK Utd.
5.	HK B
6.	Bresi
7.	Afturelding
8.	Fylkir
9.	Þróttur B
10.	Stjarnan B

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

2. deild kvenna norður.

Á norðurlandi kepptu 5 lið í riðlakeppninni. Völsungur á Húsavík var með ásamt fjórum liðum frá Akureyri. Eikin vann riðilinn með fullt hús stiga en aðeins var keppt upp á tvær unnar hrinur í þessu móti.

Lokastaða þann 6. mars 2009.

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur		Stigaskor		Nettó	Stig
1.	Eik	8	7	1	15	3	415	302	113	15
2.	Völsungur	8	5	3	13	8	426	404	22	13
3.	Skautar A	8	4	4	9	10	388	407	-19	9
4.	KA	8	3	5	8	12	400	430	-30	8
5.	KA-Freyjur A	8	2	6	3	15	232	418	-186	3

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

2. deild kvenna austur

Austurriðillinn samanstóð af 6 liðum á Austurlandi. Þar sem oft og tíðum er langt að fara fyrir austan var ákveðið að hafa riðilinn í mótaformi og voru þrjú tveggja daga mót haldin. Keppt var upp á tvær unnar hrinur í mótunum og var sigurvegari riðilsins Höttur A frá Egilsstöðum.

Lokastaða 27. mars 2008.

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur		Stigaskor		Nettó	Stig
1.	Höttur A	15	15	0	30	3	763	458	305	30
2.	Þróttur N B	15	12	3	26	9	763	535	228	26
3.	Huginn A	15	9	6	20	12	700	572	128	20
4.	Leiknir A	15	5	10	11	22	592	680	-88	11
5.	Sindri A	15	3	12	8	26	431	758	-327	8
6.	Valur	15	1	14	5	28	478	724	-246	5

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

Úrslitakeppni í 2. deild kvenna

Keppnin var haldin sama dag og lokaumferðin í 1. deildinni, þ.e. 21. mars 2009. Vegna húsnæðisskorts í Reykjavík var keppnin sett á einn dag og sett upp þannig að auðvelt var að leika keppnina á einum degi. Keppnin fór fram í íþróttahúsi Háskóla Íslands við Háteigsveg og í Hagaskóla. Undanúrslitaleikirnir voru spilaðir um morguninn og leikir um þriðja sæti og úrslitaleikur síðar um daginn.

Undanúrslit 1:	Stjarnan A-Höttur A	3-1 (21-25,25-21,25-7,25-23)
Undanúrslit 2:	Þróttur R c – Eik	3-0 (25-22,26-24,25-15)
Leikur um 3. sætið:	Eik-Höttur A	3-0 (25-18,25-17,25-13)
Úrslitaleikur:	Þróttur R c-Stjarnan A	3-1 (25-20,25-19,18-25,25-23)

Þróttur Rc varð því deildarmeistari 2. deildar kvenna árið 2009, Stjarnan A í 2. sæti og Eik í því þriðja.

3. deild kvenna

Keppni í deildinni hófst í Mosfellsbæ helgina 1.-2. nóvember. Skráning var frábær í 3. deildina en spilað var í fjórum riðlum; Tveir riðlar á Suðurlandi, einn fyrir norðan og einn fyrir austan. Samtals voru 23 lið skráð í deildina. Tveir sjö liða riðlar voru í suður og fjögur lið voru fyrir norðan og 5 lið fyrir austan.

Í suðurriðlum var leikið í Mosfellsbæ og í Ólafsvík, tvöföld umferð.

Lokastaða 23. febrúar 2009 suðurriðill A.

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur		Stigaskor		Nettó	Stig
1.	Víkingur O	12	11	1	22	3	597	354	243	22
2.	Hamar	12	10	2	21	5	591	432	159	21
3.	Stjarnan C	12	8	4	17	10	592	500	92	17
4.	Dímon	12	6	6	12	14	504	530	-26	12
5.	HK C	12	3	9	10	18	512	563	-51	10
6.	Lansinn	12	4	8	9	18	494	599	-105	9
7.	Fylkir	12	0	12	1	24	304	616	-312	1

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

Lokastaða 23. febrúar 2009 suðurriðill B.

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur		Stigaskor		Nettó	Stig
1.	Alftanes	12	11	1	22	4	621	464	157	22
2.	Reynir	12	9	3	20	9	608	539	69	20
3.	UMFG	12	8	4	19	11	636	531	105	19
4.	HK Utd.B	12	4	8	12	19	564	644	-80	12
5.	Afturelding	12	4	8	10	18	558	598	-40	10
6.	Skellur	12	4	8	9	17	515	579	-64	9
7.	Bresi	12	2	10	8	22	521	668	-147	8

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

Lokastaða 9. mars 2009 norðurriðill.

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur		Stigaskor		Nettó	Stig
1.	Krækjur	6	6	0	12	0	300	191	109	12
2.	Rimar B	6	3	3	6	7	278	263	15	6
3.	Skautar B	6	2	4	5	8	260	297	-37	5
4.	KA-Freyjur B	6	1	5	2	10	211	298	-87	2

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

Lokastaða 9. mars 2009 austurriðill.

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur		Stigaskor		Nettó	Stig
1.	Huginn B	12	12	0	24	3	634	409	225	24
2.	Höttur B	12	9	3	20	8	607	460	147	20
3.	Sindri B	12	4	8	10	19	532	603	-71	10
4.	Leiknir B	12	4	8	9	17	447	582	-135	9
5.	Þróttur N	12	1	11	7	23	491	657	-166	7

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

Úrslitakeppni í 3. deild kvenna.

Keppnin fór fram á Álftanesi dagana 20.-21. mars 2009. Fyrirkomulag á úrslitakeppninni í 3. deild var þannig að tvö efstu liðin í riðlunum spiluðu um efstu 6 sætin og næstu lið þar á eftir í úrslitariðli tvö og svo koll af kolli. Liðunum var þó frjálst að mæta til leiks en þurftu að láta vita af því tímanlega svo hægt væri að stilla því upp sómasamlega. Samtals mættu 17 lið til leiks, 6 lið í úrslitariðlinum, 5 lið í mið-riðlinum og 6 lið í riðlinum um neðstu sætin í deildinni.

Keppnin var æsispennandi eins og sést á töflunni fyrir neðan og endaði það svo að Víkingur Ólafsvík varði deildarmeistaratitilinn í 3. deild árið 2009. Álftanes varð í öðru sæti og Krækjur í því þriðja.

Lokastaða 21. mars 2009, sæti 1-6

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur		Stigaskor		Nettó	Stig
1.	Víkingur O	5	5	0	10	2	270	197	73	10
2.	Álftanes	5	3	2	8	5	256	240	16	8
3.	Krækjur	5	3	2	6	6	256	242	14	6
4.	Reynir	5	2	3	6	7	249	256	-7	6
5.	Hamar	5	2	3	5	7	251	254	-3	5
6.	Huginn B	5	0	5	2	10	184	277	-93	2

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

Lokastaða 21. mars 2009, sæti 7-11.

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur		Stigaskor		Nettó	Stig
7.	Stjarnan C	4	4	0	8	1	206	159	47	8
8.	UMFG	4	3	1	7	4	233	187	46	7
9.	Dímon	4	2	2	4	5	164	185	-21	4
10.	Rimar	4	1	3	3	6	174	198	-24	3
11.	HK Utd.b	4	0	4	2	8	176	224	-48	2

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

Lokastaða 21. mars 2009, sæti 12-17

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur		Stigaskor		Nettó	Stig
1.	Afturelding	5	4	1	9	2	261	188	73	9
2.	Skellur	5	4	1	8	3	254	195	59	8
3.	Skautar B	5	4	1	8	5	270	218	52	8
4.	HK C	5	2	3	6	6	211	224	-13	6
5.	Lansinn	5	1	4	3	8	210	242	-32	3
6	Fylkir	5	0	5	0	10	111	250	-139	0

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

Þriðja deildin heppnaðist mjög vel á þessu leiktímabili og er ljóst að hún er komin til að vera. Þátttaka var framar vonum og allt gekk vel að koma úrslitum inn til BLÍ sem síðan birtust á mótasíðunni jafnóðum. Þó svo að úrslitakeppnin sé stór þá gekk það vel og var gaman að sjá að einhver lið mættu á lokahóf BLÍ sem var að kveldi 21. mars að lokinni keppni í öllum deildum. Gaman væri að sjá fleiri lið mæta á hófið og hvetur mótanefnd til þess þar sem lokaleikir deildanna fara allir fram á sama degi og lokahófið er.

Brosbikarinn 2009

Í fjórða sinn var keppt um Brosbikarinn á leiktíðinni. Stjórn BLÍ fékk heimild til þess á síðasta þingi að breyta reglugerð um bikarkeppnina með tilmælum frá þinginu. Stjórn BLÍ skilaði reglugerðinni til félaganna strax um haustið og óskað var eftir umsóknum um að halda undankeppnir.

Breytingin fól það í sér að leikið yrði áfram í tveimur riðlum í undankeppni 1 og færi efsta liðið áfram í undanúrslit. Í undankeppni 2 voru öll liðin sem eftir voru sett í eina deild og tvö efstu liðin fóru í þau sæti sem eftir voru í undanúrslitunum. Undankeppnirnar máttu þó ekki líkjast þessum hefðbundnu trimmótum sem tíðkast meðal margra liða heldur að hafa meiri brag yfir sér. Félögin sem fengu mótið áttu að sjá alfarið um framkvæmdina, bóka húsnæði á gefnum dagsetningum og koma upplýsingum til liðanna. BLÍ sá um að setja aðaldómara á leikina og leikskýrslur og uppsetningu mótsins á vefnum. Liðunum var gert að sjá um umsjón í leikjunum og hafa aðstoðardómara með réttindi.

Undankeppnirnar fóru fram í Ólafsvík og á Akureyri. Víkingur í Ólafsvík var mótshaldari fyrsta mótsins en það fór fram í Íþróttahúsinu í Snæfellsbæ dagana 10. og 11. október 2008. KA sá svo um mótið á Akureyri dagana 13. og 14. febrúar 2009.

BLÍ fór svo með framkvæmd úrslitahelgarinnar sem var í Laugardalshöll dagana 14. og 15. mars. Í undankeppninni þurfti aðeins að vinna tvær hrinur til að vinna leik en í undanúrslitum og úrslitum var um fullvaxinn leik að ræða.

Úrslit úr riðlunum voru sem hér segir:

Lokastaða 11. október 2008, karlar riðill A

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur		Stigaskor		Nettó	Stig
1.*	Þróttur R	4	4	0	8	1	212	125	87	8
2.	Stjarnan	4	2	2	5	4	178	157	21	5
3.	UMFG	4	0	4	0	8	178	157	-105	0

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

*Þróttur R fór í undanúrslitaleik 1

Lokastaða 11. október 2008, karlar riðill B

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur		Stigaskor		Nettó	Stig
1.*	KA	4	3	1	6	3	215	191	24	6
2.	Fylkir	4	2	2	5	4	198	201	-3	5
3.	HK	4	1	3	2	6	165	186	-21	2

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

*KA fór í undanúrslitaleik 2

Lokastaða 11. október 2008, konur riðill A

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur		Stigaskor		Nettó	Stig
1.*	Þróttur C	3	3	0	6	1	155	99	56	6
2.	Þróttur N	3	2	1	5	3	165	133	32	5
3.	KA	3	1	2	3	5	118	166	-48	3
4.	HK Utd.	3	0	3	1	6	121	161	-40	1

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

*Þróttur C fór í undanúrslitaleik 1

Lokastaða 11. október 2008, konur riðill B

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur		Stigaskor		Nettó	Stig
1.*	HK	3	3	0	6	0	150	86	64	6
2.	Þróttur R	3	2	1	4	2	131	127	4	4
3.	Fylkir	3	1	2	2	4	113	147	-34	2
4.	Stjarnan	3	0	3	0	6	117	151	-34	0

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

*HK fór í undanúrslitaleik 2

Lokastaða 14. febrúar 2009, karlar undankeppni 2

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur		Stigaskor		Nettó	Stig
1.*	Stjarnan	3	3	0	6	0	150	111	39	6
2.**	Fylkir	3	2	1	4	3	146	136	10	4
3.	HK	3	1	2	3	4	146	140	6	3
4.	UMFG	3	0	3	0	6	95	150	-55	0

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

*Stjarnan fór í undanúrslitaleik 1 ** Fylkir fór í undanúrslitaleik 2

Lokastaða 14. febrúar 2009, konur undankeppni 2

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur		Stigaskor		Nettó	Stig
1.*	Þróttur N	5	5	0	10	3	278	226	52	10
2.**	Þróttur R	5	4	1	9	3	276	210	66	9
3.	Stjarnan	5	3	2	7	5	263	228	35	7
4.	Fylkir	5	2	3	6	6	256	238	18	6
5.	HK Utd.	5	1	4	3	8	202	235	-33	3
6.	KA	5	0	5	0	10	112	250	-138	0

*Þróttur N fór í undanúrslitaleik 1 ** Þróttur R fór í undanúrslitaleik 2 -- einstök úrslit eru í viðauka.

Úrslitahelgin í Brosbikarnum fór fram dagana 14. og 15. mars í Laugardalshöllinni. Blakdúkur Blaksambandsins var lagður á höllina að morgni föstudags. Ásamt framkvæmdastjóra BLÍ voru eftirtaldir aðilar hjálpsamir við verkefnið: Egill Eiðsson, Hallmundur Hallgrímsson, Valdimar Gunnarsson, Haukur Marinósson, Alexander Stefánsson, Masayuki Takahashi, Jason Ívarsson, Harald Ísaksen, Páll Stefánsson, Ólafur J. Júlíusson, Kolbeinn Tumi Baldursson, Reynir Árnason, Magnús Ingvi Kristjánsson. Þeim er hér með þakkað fyrir kærkomna aðstoð. Uppsetning á stórviðburði sem þessum krefst tíma og skipulagningar og byggir á vinnu sjálfboðaliða. Blakdeild HK sá um veitingasölu alla helgina og stóð sig vel en krakkar frá félaginu voru einnig í starfi boltasækjara og að hluta til á stigatöflunni. Ritarar þessa helgi var eftirtalið fólk úr blakhreyfingunni: Helga Hrönn Jónasdóttir, Berglind Gígja Jónsdóttir, Svala Vignisdóttir, Brynja M. Ólafsdóttir, Óskar Hauksson, Orri Þór Jónsson, Eygló Pétursdóttir, Lilja Björk Lárusdóttir, Ólafur J. Júlíusson. Þeim eru þökkunin vel unnin störf. Upphitunartónlist var í höndum Reynis Árnasonar og með kynningu fóru Sævar Már Guðmundsson og Óskar Hauksson.

Aðgangseyrir á bikarinn var kr. 1000 á dag og virtist það ekki hamla því að áhorfendur kæmu til þess að horfa á góða leiki. Fyrir helgina gafst landsliðsfólki BLÍ kostur á að selja miða í forsölu og gekk sú sala vel. Á úrslitaleikjunum voru um 300-400 áhorfendur en báðir úrslitaleikir voru spennandi og gáfu góða mynd af íslensku blaki.

Undanúrslit kvenna

14.3.2009	kl.12.30	Þróttur Rc-Þróttur N	0-3 (20-25, 23-25, 16-25)
14.3.2009	kl.14.00	HK-Þróttur R	3-1 (25-12,25-22,23-25,25-18)

Undanúrslit karla

14.3.2009	kl. 15.30	Þróttur R-Stjarnan	3-0 (25-20,25-18,25-19)
14.3.2009	kl. 18.30	KA-Fylkir	3-0 (25-20,20-21,25-23)

Úrslit í Brosbikar kvenna 2009.

15.3.2009	kl. 13.30	Þróttur N.-HK	1-3 (16-25,13-25,25-25,19-25)
-----------	-----------	---------------	-------------------------------

Bikarmeistarar HK

Karen Björg Gunnarsdóttir, fyrirliði, Ingbjörg Gunnarsdóttir, Zaharina Filipova, Guðrún Ása Kristleifsdóttir, Birna Sigrún Hallsdóttir, Laufey Björk Sigmundsdóttir, Birta Björnsdóttir, María Gunnarsdóttir, Stefanía Rut Reynisdóttir, Theódóra Th. Þórarinsdóttir, Dagbjört Víglundsdóttir og Kamilla Pálmadóttir. Þjálfari HK: Todor Marinov

Úrslit í Brosbikar karla 2009.

15.3.2009 kl. 15.30 Þróttur R-KA 3-2 (18-25,18-25,25-16,25-18,15-11)

Bikarmeistarar Þróttar R

Valur Guðjón Valsson fyrirliði, Jón Ólafur Valdimarsson, Michael Overhage, þjálfari, Ólafur Heimir Guðmundsson, Guðmundur P. Guðmundsson, Martin David, Sævar Már Guðmundsson, Masayuki Takahashi, Jóhann Sigurðsson, Aðalsteinn Eymundsson, Halldór Ingi Kárasen, Áki Thoroddsen.

Framhaldsskólamót í blaki

Í tengslum við Íþróttavakningu Framhaldsskólanna var haldin keppni í blaki. Menntamálaráðuneytið og Lýðheilsustöð hafa unnið í þessu verkefni frá því á síðasta ári þar sem keppt er í mörgum íþróttagreinum á sama staðnum á sama deginum. Upphaflega var gert ráð fyrir að undankeppni í blaki færi fram í vetur og yrði svo leikið til úrslita á Íþróttadegi Framhaldsskólanna þann 4. apríl á Akureyri. Illa gekk að fá lið í undankeppnina þannig að ákveðið var að það yrði mót með 10 liðum að hámarki. Mótið átti að fara fram á Akureyri þann 4. apríl en því miður þurfti að færa Íþróttadaginn í heild sinni suður í Kópavog.

Mótið var skráð inn á www.blak.is og skráning var nokkuð góð, eða 10 lið. Ákveðið var að halda tvo 5 liða riðla þar sem efstu liðin myndu leika úrslitaleik á Íþróttadeginum. Riðlakeppnin fór fram í Smáranum í Kópavogi föstudaginn 3. apríl og var landsliðsfólk fengið til þess að sjá um mótshaldið, dómgæslu og ritun leikskýrsla og fleira. Úrslitaleikurinn var á milli MK og MA en mikil hefð er fyrir blaki í þessum skólum. Spennan var mikil í leiknum en honum lauk með sigri MK 2-0 (21-20, 21-19).

Úrslit úr riðlakeppninni má finna í viðauka aftar í skýrslunni.

Þegar á heildina er lítið með mótahaldið veturinn 2008-2009 má segja að þetta hafi komið betur út en veturinn á undan. Lítið var um tilfæringar leikja og allt var nokkuð skýrt frá upphafi vetrar. Nokkuð vandræðalaust gekk að setja leiki á í milliriðlakeppni í 2. deildinni þó það hafi tekið sinn tíma en unnið var samkvæmt formúlu sem var send út strax í upphafi.

Úrslitakeppnirnar í öllum mótum tókust mjög vel og fengum við að sjá gott blak í flestum tilfellum. Spennan var mikil í 3. deild kvenna t.a.m. og úrslitaleikirnir í bikarnum voru báðir frábærir á að horfa.

Von er á áframhaldandi samstarfi við Menntamálaráðuneytið um keppni í framhaldsskólum landsins í blaki. Á vormánuðum fundar stýrihópurinn um áframhald Íþróttavakningar Framhaldsskólanna og von er á að undankeppnir í blaki verði haldnar víðs vegar um land næsta vetur með hjálp félaganna.

Formaður mótanefndar er framkvæmdastjóri BLÍ og hann starfar að mestu einn í nefndinni. Jason Ívarsson formaður BLÍ starfaði einnig í nefndinni til halds og trausts en mat nefndarinnar er það að fjölga

þarf í nefndinni. Mótanefnd ætti að hafa a.m.k. þrjá einstaklinga til viðbótar auk framkvæmdastjórans. Starfssvið nefndarinnar er orðið mun meira nú en fyrir nokkrum árum þar sem mótahald hefur eflst gríðarlega og leikjum fjölgað mikið.

Að lokum vil ég þakka forsvarsmönnum félaganna fyrir samstarfið á nýliðnu keppnistímabili og von mín er sú að samstarfið verði enn betra á næsta tímabili.

Sævar Már Guðmundsson, framkvæmdastjóri og formaður mótanefndar BLÍ

Skýrsla yngriflokkaneftndar BLÍ

Störf nefndarinnar hófust í lok júní þegar fyrsti fundurinn var haldinn. Á fundinn mættu: Aðalsteinn Einar Eymundsson, nefndarformaður, Guðrún Kristín Einarisdóttir Aftureldingu, Sævar Már Guðmundsson framkv.stjóri BLÍ, Ásta Sigrún Gylfadóttir HK, með í nefndinni voru einnig Emil Gunnarsson Stjörnunni, Viðar Gylfason Víking-Reyni, Harpa Ævarrsdóttir KA og Brynjar Pétursson HK sem ekki komust á fundinn.

Frá ársþinginu komu tillögur um að skipta mótunum upp, þ.e. eftir aldri.

Ákveðið var á fundinum að hafa mótin í tvennu lagi að hausti en eitt stórt mót að vori með öllum flokkum og voru dagsetningar ákveðnar og sendar út til félaganna og beðið um að félög sendu inn umsóknir um að halda mótin, Íslandsmótin, Hæfileikabúðirnar og Bikarkeppni fyrir 2. og 3.flokk.

Einnig var ákveðið að hækka mótagjöldin:

4. og 5. flokkur 6.000 kr. á lið per mót

2. og 3. flokkur 7.000 kr. á lið per mót

Bikarmót 2. og 3. flokkur 7.000 kr. á lið

Á öðrum fundi nefndarinnar í enda ágúst var síðan farið yfir umsóknirnar.

Alls bárust umsóknir frá fjórum félögum. Umsóknirnar voru teknar fyrir og þær samþykktar og mótunum dreift skv. neðangreindu.

Dagsetningar:

Íslandsmót 1 fyrir 4.-5. flokk: 24.-25. október 2008. HK (Digranes)

Íslandsmót 1 fyrir 2.-3. flokk: 7.-8. nóvember 2008. Stjarnan (Ásgarður/Mýrin)

Hæfileikabúðir BLÍ 2009: 6.-8. febrúar 2009. HK (Digranes)

Bikarmót fyrir 2.-3. flokk: 21. febrúar 2009. Þróttur Nes (Neskaupst.)

Íslandsmót 2 fyrir 2.-5. flokk: 17.-19. apríl 2009 KA (Akureyri)

Einnig var rætt um að breyta nethæð hjá 2., 3. og 4. flokki.

3. flokkur karla færi úr 2.24 í 2.35 m

3. flokkur kvenna færi úr 2.18 í 2.24 m

4. flokkur færi úr 2.10 í 2.15 m

5. flokkur áfram í 2.00

Það var hins vegar aldrei gert því að það gleymdist að tilkynna það félögunum og því ekki hægt að fara fram á það þegar að móti var komið, einnig átti að ræða það á þjálfara- og liðsstjórafundi á undan Íslandsmóti Stjörnunna fyrir 2. og 3. flokk sem ekki var haldin og því datt þessi umræða upp fyrir.

Samkvæmt vilja ársþings BLÍ 2008 var ákveðið að hafa eitt bikarmót í 2. og 3. flokki og fékk Þróttur Nes það mót og dagsetningin sett 21.-22. febrúar 2009 og skyldu leiknir fullvaxta leikirmeð leikskýrslu og héraðsdómara sem aðaldómara.

Þessi dagsetning reyndist hins vegar ekki vera nógu góð því sömu helgi fór fram úrslit í SAMFÉS sem er söngvakeppni félagsmiðstöðva og því stór helgi fyrir þennan aldurshóp, félagslega séð, og þar af leiðandi ekki eins mörg lið og við bjuggumst við á þessu fyrsta bikarmóti.

Þetta ber að hafa í huga við dagsetningu móta og hæfileikabúða þar sem við erum ekki með svo mikinn fjölda ennpá og viljum því hafa alla með á svona mótum.

Bikamótið tóks hins vegar mjög vel hjá Þrótti Nes og tóku alls 16 lið þátt í keppninni.

Úrslit mótsins má sjá hér aftar í skýrslunni.

Krakkablað

Útbreiðslan á krakkablaðinu hefur ekki verið sem skyldi og er það kanski helst því að kenna að ekki hefur verið til fólk til að breyða út fagnaðarerindið nógu víða en miklu skiptir að hafa fólk sem er tilbúið og hefur möguleika á því að fara í skóla og kynna íþróttina.

Zdravko Demirev bauðst til þess að fara í skóla fyrir félög eftir áramót og fór hann m.a. í íþróttatíma hjá öllum 5-10 bekkjum í Lágafellsskóla í Mosfellsbæ og sá um blakkennslu í heilan íþróttatíma við mikinn fögnuð íþróttakennara og einnig nemenda. Zdravko fór einnig í grunnskólana í Árbænum í samvinnu við blakdeild Fylkis og gekk það samstarf vel. Það er svona fólk sem við þurfum að fá inn í starfið og helst á vegum BLÍ því við hin erum oftast í þessu af áhugamennsku og getum því ekki komið þessu við. Draumurinn er sá að BLÍ hafi mann á launum við að kynna blakíþróttina í íþróttartímum í skólunum og geti þá bent þeim á félög í nágrenninu sem þau geta æft með. Þetta var frábært framtak hjá Zdravko og skilaði inn nokkrum glænýjum krökkum í febrúar sem virðast ætla að halda áfram og á hann miklar þakkar skildar fyrir þetta framtak.

Íslandsmót BLÍ

Í upphafi starfs nefndarinnar kom inn á borð samræming á reglum um leikjafyrirkomulag á Íslandsmóti yngriflokka. Fastar reglur voru settar á fundum hvernig flokkarnir ættu að spila:

5. flokkur A liða:	5. stig á báðum mótunum
5. flokkur B liða:	4. stig haust og 5. stig vor
5. flokkur C liða:	3. stig haust og 4. stig vor
5. flokkur D liða:	3. stig á báðum mótunum
4. flokkur	5. stig á báðum mótunum

Á Íslandsmótinu í Kópavogi sem hélt mótið fyrir 4. og 5. flokk mættu 44 lið til leiks. Lið Höfrunga frá Þingeyri datt út á síðustu stundu vegna veðurs og lið Þróttar Nes komst ekki fyrir en um hádegi á laugardegi einnig vegna veðurs svo það þurfti að setja mótið upp nokkrum sinnum. Mótið var keyrt á tveimur dögum og gekk mjög vel.

Íslandsmótið fyrir 2. og 3. fl. var haldið af Stjórnunni í Garðarbæ og var það fyrsta yngriflokkamót sem Stjórnufólk hélt. Alls tóku 23 lið þátt í því móti. Mótið gekk sæmilega þó nokkrir hafi verið með ábendingar um að betur mætti gera í nokkrum atriðum, en mótið var keyrt á einum degi og því ekki sama stemmning og á Íslandsmótunum.

KA hélt sameiginlegt mót fyrir alla flokka, 2.-5. flokk á Akureyri í apríl. Það var mikið þúsluspil vegna sérþarfa margra og vegna þess að 2. og 3. flokkur spilaði í öðru húsi en 4. og 5. flokkur en margir krakkar voru að spila upp fyrir sig til að fylla upp í lið svo allir gætu spilað. Mótið tókst mjög vel og voru alls 74 lið á mótinu.

Á mótinu var spilað í tveimur húsum - KA heimlinu og Síðuskóla og bauð KA upp á fríar rútuferðir á milli húsanna á hálf tíma fresti báða keppnisdagana og eiga þeir heiður skilið fyrir það framtak. Mótið tóks í alla staði mjög vel. Mjög vel heppnuð og skemmtileg kvöldvaka var á laugardagskvöldinu í KA heimilinu.

Þessi mikla þátttaka í þessum tveimur aldursflokkum sýnir að það er nauðsynlegt að skipta mótinu í 2 mót – yngri hóp sem er 4. og 5. fl. og eldri hóp sem er 2. og 3. flokkur. Samanlögð úrslit úr mótunum má finna hér fyrir neðan en úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni.

Það er samdóma álit Yngriflokka nefndar BLÍ að fyrst að búið sé að skipta mótunum svona upp að þá verði að koma meiri gæði inn í umgjörðina, þ.e. tími fyrir upphitun fyrir leiki og meiri tími settur á leiki. Reyna að forðast að keyra mótin í gegn. Þá ætti einnig að keyra mótin á tveimur dögum svo liðin séu ekki að spila alla sína leiki á einum degi.

Félagslegi þátturinn í mótshaldinu er mikilvægur og er sérstaklega bent á að uppfæra hann vel og hafa sýnilegan í skjalinu um umgjörðina sem þarf að uppfæra og hafa sýnilega á heimasíðu BLÍ.

Það hefur ævinlega verið kvöldvaka eða eitthvað félagslegt en það vantaði á bæði haustmótin. Það er greinilegt að það þarf að uppfæra og hafa sýnilega umgjörðina um það hvernig Íslandsmót yngriflokka skulu framkvæmd þannig að þau verði okkur öllum til sóma og krökkunum til gleði og ánægju. Við lærðum mikið í vetur á að tvískipta mótunum og getum því gert enn betur á næsta ári.

Nú erum við komin á það stig í uppbyggingunni að við eigum að horfa til þess að þetta er Íslandsmót og keyra mótið þannig í gegn...en ekki á undanþágum.

Nauðsynlegt er að hafa fund með þjálfurum og fararstjórum þar sem farið er yfir tæknileg atriði er snerta mótið og þá ættu einnig allir dómaraar mótsins hjá yngriflokkunum að vera viðstaddir því það voru ekki allir dómaraar með reglur hinna mismunandi stiga á hreinu hjá 4. og 5.flokki.

Mótshaldari á að halda tæknifundinn þegar allir eru komnir á svæðið og helst setja skyldumætingu til þess að sömu upplýsingar fari til allra liða.

Gjafir – Ákveðið var árið 2002 þegar við byrjuðum að keyra Íslandsmótin aftur fyrir yngri kynslóðina að mótshaldara skyldu enda mótin á gjöf til allra þátttakenda og hafa keppendur fengið m.a. sundpoka, handklæði, skópoka, snyrtitösku og blakbolta. Á fundi yngriflokka nefndarinnar í haust var ákveðið að bolur skyldi vera gjöfin því það væri ódýrast og alltaf erfiðara og erfiðara að fá styrktaraðila að þessum gjöfum.

HK gaf öllum keppendum flottan bol þar sem kom fram dagsetning og heiti mótsins og merki BLÍ einnig. Stjarnan hætti við að vera með gjafir þar sem enginn styrktaraðili kom að mótinu. Kostnaðurinn við að framleiða boli á alla hefði kostað alla innkomu félagsins af mótinu þannig að 2.og 3. flokkur fékk enga gjöf.

KA gaf öllum keppendum liðsmynd af sínu liði og vakti það mikla hrifningu keppenda.

HK, Stjörnunni, Þrótti Nes og KA eru þökkuð vel unnin störf við mótahald veturinn 2008-2009.

Samanlögð úrslit Yngriflokka 2008-2009

5. flokkur A liða Fyrri Seinna Samanlagt

UMFG B	14	11	25
HK	9	12	21
Afturelding	11	9	20
KA a	9	4	13
UMFG A	8	4	12
Afturelding 2	11	0	11
Víkingur/Reynir	2	8	10
<i>Víkingur/Reynir 2</i>	5		5

5. flokkur B liða Fyrri Seinna Samanlagt

Víkingur/Reynir 4	11	8	19
Sindri b-lið	11	6	17
HK a	4	3	7
HK b	0	0	0
<i>Víkingur/Reynir 2</i>		5	5

5. flokkur C liða

Fyrri Seinna Samanlagt

Stjarnan-1	7	10	17
Stjarnan	10	6	16
Dimon stúlkur 5 flokkur C	5	3	8
KA b	0	1	1
<i>Bjarmi grænn</i>		9	9
<i>Afturelding 3</i>	7		7
<i>Dímon</i>	5		5
<i>Höfrungur</i>		4	4

5. flokkur D liða

Fyrri Seinna Samanlagt

Þróttur N.1	8	12	20
Þróttur N 2	2	7	9
Stjarnan 2	6	2	8
<i>Stjarnan 3</i>		9	9
<i>Afturelding 3</i>		9	9
<i>Þróttur N.6.fl</i>		8	8
<i>Höfrungur</i>		4	4
<i>Víkingur/Reynir 3</i>	4		4
<i>Stjarnan 6.fl</i>	1		1

4. flokkur pílta **Fyrri** **Seinna** **Samanlagt**

Víkingur/Reynir	12	12	24
Dímon 4.flokkur A lið	10	10	20
Stjarnan 1	7	9	16
HK	9	6	15
KA	3	7	10
Sindri a	4	4	8
Sindri c	1	2	3

4. flokkur stúlkna **Fyrri** **Seinna** **Samanlagt**

Þróttur N (kvk) a	13	12	25
Þróttur Nc	12	8	20
KA b	9	10	19
UMFG a	11	6	17
Sindri A	7	5	12
Víkingur/Reynir 1	6	4	10
Þróttur R.	0	1	1
UMFG	8		8

4. flokkur blandaður A lið **Fyrri** **Seinna** **Samanlagt** **tapaðar** **nettó** **hlutfall**

Dímon 4 flokkur stúlkur B lið	10	8	18	4	134	1,36413
Dímon 4 flokkur drengir B lið	8	10	18	4	104	1,254279
Afturelding	6	8	14			
Stjarnan 2	3	6	9			
Sindri c	1	2	3			
HK 1	5	1	6			

4. flokkur blandaður B lið **Fyrri** **Seinna** **Samanlagt** **unnar** **tapaðar**

<i>Þróttur N (kvk) b</i>		12	12		
<i>Höfrungur</i>		9	9		
<i>Skellur</i>		3	3	3	10
<i>Þróttur R b</i>		3	3	3	11

3. flokkur piltar **Fyrri** **Seinna** **Samanlagt** **unnar** **tapaðar**

Afturelding	10	10	20		
Stjarnan	7	8	15	15	6
Vík/Reynir	9	6	15	15	8
umfg Grundarfirði 1	3	2	5		
HK	1	0	1		
<i>Stjarnan 2</i>		5	5		
<i>KA</i>	4		4		

3. flokkur stúlkna A

Fyrri Seinna Samanlagt

Þróttur N.1	8	8	16
Stjarnan	6	7	13
KA	4	6	10
HK	4	2	6
Víkingur/Reynir 1	1	2	3

3. flokkur stúlkna B

Fyrri Seinna Samanlagt

Þróttur N.2	8	10	18
Víkingur/Reynir 2	6	5	11
Stjarnan 2	4	6	10
HK B	4	5	9
Bjarmi rauður	2	5	7
<i>Dímon</i>		5	5

2. flokkur pílta

Fyrri Seinna Samanlagt

HK	9	3	12
KA	6	3	9
<i>UMFG</i>	3		3
<i>Stjarnan</i>	1		1

2. flokkur stúlkna

Fyrri Seinna Samanlagt unnar tapaðar

HK	8	6	14		
Þróttur N a	2	6	8	8	9
KA a	3	5	8	8	10
Þróttur R		4	4		
Stjarnan		1	1		

Úrslit Bikarkeppni Yngriflokka

3. flokkur pílta

Sæti	Félag	Leikir	Hrinur		Stigaskor		Nettó	Stig
1.	Stjarnan	3	6	1	168	127	41	6
2.	KA	3	1	6	127	168	-41	1

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

3. flokkur stúlkna

Sæti	Félag	Leikir	Hrinur		Stigaskor		Nettó	Stig
1.	Þróttur N	4	8	1	217	119	98	8
2.	KA-a	4	7	2	210	154	56	7
3.	Stjarnan	4	4	4	163	154	9	4
4.	Þróttur N2	4	2	6	124	187	-63	2
5.	KA-b	4	0	8	100	200	-100	0

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

2. flokkur pílta

Sæti	Félag	Leikir	Hrinur		Stigaskor		Nettó	Stig
1.	HK	3	9	1	255	165	90	9
2.	KA	3	7	3	251	196	55	7
3.	Þróttur N	3	3	8	182	263	-82	3
4.	Stjarnan	3	2	9	202	266	-64	2

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

2. flokkur stúlkna

Sæti	Félag	Leikir	Hrinur		Stigaskor		Nettó	Stig
1.	Þróttur Na	4	12	0	300	182	118	12
2.	HK	4	9	4	307	273	34	9
3.	KA a	4	7	7	325	310	15	7
4.	Þróttur Nb	4	3	11	227	326	-99	3
5.	Stjarnan	4	3	12	276	344	-68	3

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

Grunnskólamót í blaki

Hugmyndir um að halda skólamót í blaki gæti orðið að veruleika á næsta keppnistímabili og reynt yrði að vinna að því með íþróttakennurum í skólunum. Hugmyndin er sú að þeir myndu vinna með hverfisfélögunum að þessum mótum.

Tekin yrðu smáskref í einu að vissu marki en keppnin kemur til framkvæmda næsta tímabil. Félögin eru ábyrgðaraðilar í hverfamótum og BLÍ heldur svo eitt mót eftir áramótin þar sem einhverskonar úrslit verða.

Þessar hugmyndir eru enn á teikniborðinu en ættu að gera orðið að veruleika.

Hæfileikabúðir BLÍ

Hæfileikabúðir BLÍ fóru fram í Kópavogi nánar hjá HK í Digranesi 6. - 8. febrúar 2009. Þetta eru árlegar búðir sem eru ætlaðar þeim sem vilja ná enn meiri árangri í blaki og eru fyrir krakka á aldrinum 13-17 ára. Alls tóku 65 krakkar þátt í búðunum sem er u.þ.b.30 krökkum færri en í fyrra. Hæfileikabúðir eru skipulagðar af yngriflokkanefnd og félaginu sem er úthlutað framkvæmdinni.

Búðastjóri þetta árið var Ásta Sigrún Gylfadóttir þjálfari hjá HK. Aðalþjálfarar búðanna voru Zdravko Demirev og Martin Raditchkov sem sáu um þjálfun drengjanna í búðunum en þeir eru báðir íslenskir ríkisborgarar og hafa búið hér um árabil. Þjálfarar stúlknanna voru hjónin Miglena og Apostol Apostolov frá Þrótti Nes en þau hafa einnig búið á Íslandi um árabil og eru íslenskir ríkisborgarar.

Fjöldi fólks kom að framkvæmd búðanna og er þar helst að nefna hana Björgu Erlendsdóttur, sem sá um mötuneytið með gott starfsfólk sér við hönd. Allt stúss í kringum svefnstaðinn sem var í Hjallaskóla var í höndum S. Ólafar Sigurðardóttir. Foreldrar í Blakdeild HK hjálpuðu mikið til og ber að þakka þeim sérstaklega fyrir vaska framkomu og góð störf.

Krakkarnir mættu í búðirnar á föstudagskvöldi og hófust æfingar strax. Síðan var æft á laugardagsmorgni og tekið sér hlé þangað til seinni partinn. Í hléinu fengu krakkarnir fyrirlestur frá Ingibjörgu Gunnarsdóttir næringarfræðingi. Benti hún krökkunum á að hugsa um hvað þau borðuðu fyrir æfingar og eftir. Einnig ræddi hún um sykur og hvað væri mikill sykur í orkudrykkjunum sem er verið að selja og hvað þau þyrftu í raun mikinn sykur á æfingum. Spunnust miklar umræður um þetta málefni. Um kvöldið var svo æft meira í íþróttahúsinu. Á sunnudeginum voru venjulegar æfingar um morguninn og var svo fylgst með leik HK og Þróttar R í 1. deild karla eftir hádegi þar sem lagt var verkefni fyrir krakkana.

Yngriflokkanefndin vill þakka þeim sem stóðu að búðunum sérstaklega fyrir góð störf í þágu hreyfingarinnar. Krakkarnir fengu hrós fyrir góða umgengni í íþróttahúsinu og var stjórinn í mötuneytinu einnig ánægð með hegðunina í matsalnum.

Lokaorð

Forsvarsmáður fyrir yngriflokkaneftndina í vetur var Aðalsteinn Einar Eymundsson. Mótshaldið gekk nokkuð vel fyrir sig að mati nefndarinnar og hæfileikabúðirnar einnig. Útbreiðslustarfið þarf að bæta til muna sem og leit að styrktaraðilum fyrir útbreiðslu almennt.

Þegar horft er til framtíðar í málum yngriflokkanna er sólin að glenna sig. Liðum hefur fjölgað undanfarin ár og má sjá t.d. fjölda í 3. flokki sem aldrei áður hefur sést. Það er von Blaksambandsins í heild sinni að þessir krakkar haldist inni og byggi í leiðinni upp sterka meistaraflökka á fleiri stöðum. Það er því ljóst að það framtak sem átti sér stað á árunum 2002-2003 er að skila sér, og mun skila sér í náninni framtíð.

Aðalsteinn Einar Eymundsson

Formaður Yngriflokkaneftndar BLÍ

Skýrsla Landsliðsnefndar

Í Landsliðsnefnd sátu Stefán Jóhannesson, formaður, Óskar Hauksson og Ingibjörg Gunnarsdóttir og Vignir Hlöðversson. Nefndin starfaði bæði með formlegum og óformlegum hætti. Meginverkefni nefndarinnar er stefnumótun fyrir A- landsliðin, ráðning landsliðsþjálfara og aðstoð og umsýsla við landsliðsverkefni. Einnig kom inn undir hatt nefndarinnar að halda utan um unglingalandsliðsmál sambandsins síðasta sumar og voru þau Óskar Hauksson fyrir U19 hópana og Svala Vignisdóttir fyrir U17 hópana.

Karlalandslið Íslands

Á tímabilinu lék karlalandsliðið 3 landsleiki og unnust tveir þeirra. Þjálfari liðsins er Michael Overhage. Allir leikir liðsins voru í undankeppni EM smáþjóða á Möltu. Þess má geta að liðið lék 1 æfingaleik fyrir Möltuferðina í stoppi í Frankfurt. Leikið var gegn U-21 árs liði Þýskalands og unnu þjóðverjarnir leikinn 3-1.



Karlalandsliðið undirbýr sig nú af krafti fyrir keppni á Smáþjóðaleikunum á Kypur og hefur þjálfara liðsins tekist að búa til nokkuð gott lið með Val Guðjón Valsson sem fyrirliða, Áka Thoroddsen á miðjunni og reynslubolta eins og Emil Gunnarsson og Ólaf Heimi Guðmundsson og köntum. Wojtek Bachorski er einnig í landsliðinu sem fer til Kypur en liðið leikur samtals 4 leiki þar. Síðar í júní, nánar tiltekið 26.-28. Júní heldur liðið svo til Luxemborgar til að keppa í úrslitum EM smáþjóða. Þar leikur liðið við N. Íra, Luxemborg og Kypur. Ljóst er að enn meiri endurnýjun er í karlalandsliðinu þar sem tveir nýliðar munu keppa fyrir Íslands hönd í sumar og 5 leikmenn að auki með undir 10 spilaða landsleiki.

Karlalandsliðið 2008	Félag	leikir	Karlalandsliðið 2009	Félag	leikir
Vignir Hlöðversson	Stjarnan	94	Orri Þór Jónsson	HK	0
Emil Gunnarsson	Stjarnan	74	Emil Gunnarsson	Stjarnan	74
Wojtek Bachorski	Stjarnan	3	Wojtek Bachorski	Stjarnan	3
Róbert Karl Hlöðversson	Stjarnan	44	Róbert Karl Hlöðversson	Stjarnan	44
Aðalsteinn Eymundsson	Þróttur R	8	Reynir Árnason	HK	0
Valur Guðjón Valsson	Þróttur R	43	Valur Guðjón Valsson	Þróttur R	43
Jóhann Sigurðsson	Þróttur R	19	Ólafur H. Guðmundsson	Þróttur R	50
Áki Thoroddsen	Þróttur R	19	Áki Thoroddsen	Þróttur R	15
Hilmar Sigurjónsson	KA	9	Hilmar Sigurjónsson	KA	9
Kristján Valdimarsson	KA	3	Kristján Valdimarsson	KA	3
Hafsteinn Valdimarsson	KA	3	Hafsteinn Valdimarsson	KA	3
Ingólfur H. Guðjónsson	HK	3	Ingólfur H Guðjónsson	HK	3
Michael Overhage	Þjálfari		Michael Overhage	Þjálfari	
Wojtek Bachorski	aðst.þjálfari				
Sævar Már Guðmundsson	Liðsstjóri		Sævar Már Guðmundsson	Liðsstjóri	

Kvennalandslið Íslands

Á starfsárinu var ekkert verkefni hjá kvennalandsliðinu. Liðið undirbýr sig nú fyrir Smáþjóðaleikana á Kýpur og var Apostol Apostolov ráðinn landsliðsþjálfari fyrir verkefnið. Æfingar hafa gengið vel og er ljóst að nokkur endurnýjun verður en hin búlgarska Zaharina Filipova verður með liðinu á Kýpur. Þá verður endurkoma besta leikmanns Íslandsmótsins á Kýpur þar sem Miglena Apostolova gefur kost á sér en Ingibjörg Gunnarsdóttir, Birna Hallsdóttir og Fríða Sigurðardóttir verða einnig í liðinu. Smáþjóðaleikarnir er eina verkefnið fyrir liðið á þessu ári enn sem komið er og stefnan tekið að sjálfsögðu að komast á verðlaunapall. Í landsliðinu sem heldur til Kýpur í ár eru fjórir nýliðar en auk hópsins sem er hér fyrir neðan hafa þær María Gunnarsdóttir, HK og Hjördís Eiríksdóttir, Stjórnunni verið að æfa með liðinu en þær einnig nýliðar.

Kvennalandslíðið 2008	Félag	Leikir	Kvennalandslíðið 2009	Félag	Leikir
Birna Hallsdóttir	HK	60	Birna Hallsdóttir	HK	60
Fríða Sigurðardóttir	SCAD	52	Fríða Sigurðardóttir	Þróttur R	52
Elsa Sæný Valgeirsdóttir	Holte IF	45	Zaharina Filipova	HK	0
Lilja Jónsdóttir	Þróttur R	41	Steinunn H. Björgólfsdóttir	HK	0
Karen Björg Gunnarsdóttir	HK	32	Ingibjörg Gunnarsdóttir	HK	42
Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir	Þróttur N	28	Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir	Tromsö V	28
Kristín Salín Þórhallsdóttir	Þróttur N	20	Kristín Salín Þórhallsdóttir	Þróttur N	20
Erla Rán Eiríksdóttir	Þróttur N	16	Miglena Apostolova	Þróttur N	23
Sæunn Skúladóttir	Þróttur R	5	Helena K. Gunnarsdóttir	Þróttur N	0
Fjóla Rut Svavarsdóttir	Þróttur R	3	Fjóla Rut Svavarsdóttir	Þróttur R	3
Ásthildur Gunnarsdóttir	Þróttur R	3	Ásthildur Gunnarsdóttir	Þróttur R	3
Theódóra Th. Þórarinsdóttir	HK	3	Birta Björnsdóttir	HK	0
Una Margrét Heimisdóttir	KA	3			
Magnús Aðalsteinsson	Þjálfari		Apostol Apostolov	Þjálfari	
Emil Gunnarsson	Aðst.þjálfari				
Stefán Jóhannesson	Liðsstjóri	MKD			
Zdravko Demirev	Liðsstjóri	Malta			

Úrslit leikja starfsárið 2008-2009 hjá landsliðum Íslands

Karlar		Staður	Keppni	H	Stigaskor
6.6.2008	Ísland - Malta	Malta	EM smáþjóða undank.	3-1	25-17,25-17,24-26,25-17
7.6.2008	Ísland - Skotland	Malta	EM smáþjóða undank.	3-2	25-20,25-27,23-25,25-22,15-9
8.6.2008	Kýpur - Ísland	Malta	EM smáþjóða undank.	3-0	25-18,25-23,25-18

U19 karlar		Staður	Keppni	H	Stigaskor
5.9.2008	England-Island	Akureyri	NEVZA U19	3-0	25-18,25-18,25-14
6.9.2008	Danmörk-Island	Akureyri	NEVZA U19	3-0	25-20,25-17,25-21
6.9.2008	Island-Noregur	Akureyri	NEVZA U19	0-3	13-25,23-25,17-25
7.9.2008	Island-Svíþjóð	Akureyri	NEVZA U19	0-3	12-25,11-25,12-25

U19 konur		Staður	Keppni	H	Stigaskor
5.9.2008	Island-Svíþjóð	Akureyri	NEVZA U19	2-3	28-26,17-25,26-24,16-25,11-15
5.9.2008	Island-Færeyjar	Akureyri	NEVZA U19	3-0	25-22,25-21,25-15
6.9.2008	Danmörk-Island	Akureyri	NEVZA U19	3-0	25-14,25-22,25-19
7.9.2008	Noregur-Island	Akureyri	NEVZA U19	2-3	20-25,25-20,22-25,25-10,6-15

U17 karlar		Staður	Keppni	H	Stigaskor
21.9.2008	Island-Færeyjar	Falköping	NEVZA U17	3-0	25-16,25-20,25-23
20.9.2008	Danmörk-Island	Falköping	NEVZA U17	3-1	23-25,25-21,25-15,25-22
19.9.2008	Finnland-Island	Falköping	NEVZA U17	3-0	25-13,25-20,25-21
19.9.2008	Island-Svíþjóð	Falköping	NEVZA U17	0-3	10-25,13-25,14-25

U17 konur		Staður	Keppni	H	Stigaskor
21.9.2008	Færeyjar -Island	Falköping	NEVZA U17	3-0	25-11,25-23,25-13
20.9.2008	Island-Finnland	Falköping	NEVZA U17	3-0	7-25,13-25,17-25
19.9.2008	Danmörk-Island	Falköping	NEVZA U17	3-0	25-19,25-16,25-7
19.9.2008	Island-Svíþjóð	Falköping	NEVZA U17	1-3	25-23,7-25,17-25,28-30

Staðfesta stöðu úr öllum mótum má finna í viðauka aftast í skýrslunni

Leikmenn unglingalandsliðanna 2008

U 17 Stúlkur

Nafn	Félag
Alda Dís Arnardóttir	Vík-Reynir
Hjördís Eiríksdóttir	Stjarnan
Valdís Guðmundsdóttir	Stjarnan
Kristina Apostolova	Þróttur N.
Gunnþóra Mist Björnsdóttir	HK
Helena Kristín Gunnarsdóttir	Þróttur N
María Gunnarsdóttir	HK
Rannveig Júlía Sigurpálsdóttir	Þróttur N
Steinunn Helga Björgólfsdóttir	HK
Una Margrét Heimisdóttir	KA
Sesselja Fanneyjardóttir	KA
Rósa Dögg Ægisdóttir	Stjarnan

U17 Drengir

Nafn	Félag
Magnús Ingvi Kristjánsson	HK
Geir Jóhann Geirsson	Afturelding
Arnór Snær Guðmundsson	Afturelding
Kristján H. Carrasco	Afturelding
Þorgrímur Sigurðsson	Afturelding
Guðmundur S.Stefánsson	Stjarnan
Guðmundur Haraldsson	UMFG
Kolbeinn Baldursson	HK
Ingólfur Hilmar Guðjónsson	HK
Jóhann Eiríksson	Vík-Reynir
Orri Þór Jónsson	HK
Hafþór Breki Bergsson	Stjarnan

Apostol Apostolov þjálfari
Miglana Apostolova fararstjóri

Zdravko Demirev þjálfari
Martin Raditchkov fararstjóri

U19 Stúlkur

Nafn	Félag	Nafn	Félag
Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir	Þróttur N.	Andri Már Sigurðsson	KA
Velina Apostolova	HK	Aron Bjarnason	Þróttur R
Erla Rán Eiríksdóttir	Þróttur N.	Kristján Valdimarsson	KA
Sæunn Skúladóttir	Þróttur R.	Guðmundur S. Stefánsson	Stjarnan
Una Margrét Heimisdóttir	KA	Kolbeinn Tumi Baldursson	HK
Theódóra Th.Þórarinsdóttir	HK	Alexander Stefánsson	HK
Kristín Salín Þórhallsdóttir	Þróttur N.	Hafsteinn Valdimarsson	KA
Stefanía Ruth Reynisdóttir	HK	Jóhannes Stefánsson	HK
Steinunn Helga Björgólfsdóttir	HK	Ólafur Arason	HK
Birta Björnsdóttir	HK	Ingólfur H. Guðjónsson	HK
Auður Anna Jónsdóttir	KA	Árni Björnsson	KA
Fjóla Ruth Svavarsdóttir	Þróttur R	Orri Þór Jónsson	HK

Magnús Aðalsteinsson	þjálfari	Marek Bernat	þjálfari
Auður Hauksdóttir	liðsstjóri	Hilmar Sigurjónsson	Liðsstjóri

Unglingalandslið BLÍ eru fjögur talsins og hefur verið lagt mikið í þau verkefni undanfarin ár. Í júlí á síðasta var t.a.m. farið af stað með verkefni Íslands og Portúgal og var stefnan sett á að senda bæði U19 liðin okkar til Portúgal í æfingaferð. Karlaliðið fór þann 17. júlí út og var í viku þar sem liðið fékk frábæra aðstöðu til að þjálfa og spila við portúgalska landsliðið í sama aldursflokki. Þess ber að geta að Íslendingarnir áttu ekki mikið í Portúgalina og töpuðust allir leikirnir.

Blaksamband Íslands tók að sér mótahald í samvinnu við KA á Akureyri í september 2008. Mótshaldið gekk að vonum mjög vel en Sigurður Arnar Ólafsson stýrði mótinu. Alls mættu 8 erlend lið til Akureyrar, fjögur af hvoru kyni en auk þeirra tóku íslensku liðin þátt. Nánar má sjá skýrslu framkvæmdarnefndar mótsins.

Stjórn BLÍ og Landsliðsnefnd hafa unnið markvisst að því að fjölga verkefnum landsliðanna. Á síðasta ári var send inn þátttökutilkynning í HM 2010 og lentu bæði liðin í riðli sem var spilaður á Englandi í byrjun janúar 2009. Því miður þurfti BLÍ að draga liðin úr keppni eftir að efnahagskreppan skall á í október og varð því ekki að þátttöku Íslands í HM að sinni.

Kostnaður vegna landsliðanna hefur aukist til muna undanfarin ár þar sem verkefnum hefur fjölgað og metnaður sambandsins aukist til landsliðsstarfs. Til að við náum að halda áfram á þeirri braut sem við höfum markað okkur er nauðsynlegt að fá meira fjármagn inn í landsliðsstarfið.

Við í landsliðsnefnd viljum þakka öllum þeim sem lögðu okkur lið á tímabilinu.

Stefán Jóhannesson, formaður landsliðsnefndar

Strandblak - Ársskýrsla fyrir árið 2008

Sumarið 2008 fór vel af stað og voru nokkrir vellir komnir í gagnið strax um miðjan maí. Greinilegt var að allur sá fjöldi sem skemmti sér í strandblaki árið áður mundi eftir hversu skemmtileg þessi íþrótt er, og var mætt á velli landsins snemma þetta vorið.

Haldin voru 3 stigamót á sumrinu, en stigamót er hluti mótaraðar þar sem leikmenn vinna sér inn stig eftir árangri í hverju móti. Þessi stig eru síðan notuð til að raða þátttakendum í riðla á lokamóti sumarsins, er heitir þá Íslandsmót. Einnig eru stigameistarar hvers árs verðlaunaðir sérstaklega.

Mót

Snemmsumarmót að Gufunesi þann 1. júní 2008

Fyrsta mót sumarsins var svokallað trimm- eða skemmtimót og fór fram á strandblakvöllunum hjá Gufunesbæ í Grafarvogi. Fyrir mótið virtust ekki vera margir sem vissu af þessum frábæru völlum, en það leyndi sér ekki síðar um sumarið að þessir vellir eru komnir á kortið hjá öllum strandblökurum sunnan heiða.


Mótið var sett upp sem skemmtimót þar sem 3 leikmenn spiluðu í hverju liði og mæltist það mjög vel fyrir.

Alls voru 36 manns sem skráðu sig til leiks í 8 kvennaliðum og 4 karlaliðum. Töluverður vindur var þennan dag og voru leikmenn því ekki eingöngu að berjast við andstæðingana hinu megin netsins, heldur einnig við vindinn sem gat verið ansi erfiður, en vellirnir í Gufunesi mættu vera betur varðir gegn vindi.

Mótið var hin mesta skemmtun og fengu allir grillaðar pylsum í lok móts, og fóru allir kátir heim.

Jónsmessumót í Fagralundi þann 21. júní 2008

Jónsmessumót var haldið í Fagralundi í Kópavogi á



nýjum völlum sem þar eru, en þeir voru settir upp í maí. Þetta var skemmtimót þar sem 3 spiluðu saman í liði.

Alls skráðu sig 40 manns til leiks í samtals 12 liðum, þar af voru 11 kvennalið en eingöngu 1 karlalið. Eitthvað eiga karlaliðin eftir að komast að því hvað það getur verið skemmtilegt að spila í 3 manna liðum, en það breyti st fljótt.

Mótið var hin mesta skemmtun en blíðskapar veður, sól og logn sáu til þess að leikmenn nutu dagsins betur en ella og fóru heim með bros á vör og örlítið rauðari en þegar þeir mættu.

1. Stigamót BLÍ á Þingeyri þann 5. júlí 2008

Fyrsta stigamót sumarsins fór fram á Þingeyri, en sá staður er okkur strandblökurum mjög kær. Þingeyri hefur allt það sem góður strandblakstaður þarf að hafa, tjaldstæði, tvo samliggjandi velli, fallegan stað, nálægð við sundlaug, fínan sand og góðan strandblakbúnað.

Þetta var í þriðja sinn sem stigamót er haldið á Þingeyri og er staðurinn þegar búin að skipa sér fastan sess í stigamótaröð strandblaksins á hverju ári.

8 lið skráðu sig til leiks en þar af voru 6 kvennalið en eingöngu 2 karlalið.

Úrslit mótsins urðu eftirfarandi:



Kvennaflokkur:

1. Sæti - Heiðbjört Gylfadóttir HK og Karen Björg Gunnarsdóttir HK
2. Sæti - Laufey Björk Sigmundsdóttir HK og Lilja Jónsdóttir Þrótti
3. Sæti - Ásthildur Gunnarsdóttir Þrótti og Unnur Bryndís Guðmundsdóttir Þrótti

Karlaflokkur:

1. Sæti - Emil Gunnarsson Stjörnnunni og Þórir Steinarsson Höfrungi
2. Sæti - Ellert Örn Erlingsson Höfrungi og Pálmi Pétursson Höfrungi

2. Stigamót BLÍ á Akureyri þann 12. júlí 2008

Annað stigamót sumarsins var haldið á Akureyri en það var í höndum KA manna að sjá um það mót. 8 lið tóku þátt í mótinu, fjögur karlalið og fjögur kvennalið og urðu úrslit eftirfarandi:

Kvennaflokkur:

1. Sæti - Laufey Björk Sigmundsdóttir HK og Lilja Jónsdóttir Þrótti
2. Sæti - Karen Björg Gunnarsdóttir HK og Birna Baldursdóttir KA
3. Sæti - Unnur Bryndís Guðmundsdóttir Þrótti og Kolbrún Björg Jónsdóttir KA

Karlaflokkur:

1. Sæti - Brynjar Pétursson HK og Matthías Haraldsson (DK)
2. Sæti - Emil Gunnarsson Stjörnunni og Birgir Már Vigfússon Þrótti
3. Sæti - Ólafur Arason HK og Ólafur J Júlíusson HK



Það sem skyggði á mótið var að völlum norðanmanna er langt frá því að vera boðlegur fyrir svona mót. Því hefur verið ákveðið að ekki verði spilað stigamót fyrir norðan fyrr en eitthvað róttækt hefur verið gert í vallarmálum. Framkvæmd mótsins þótti samt sem áður takast með ágætum og þökkum við þeim fyrir það.

3. Stigamót BLÍ – Íslandsmót í Fagralundi þann 16. ágúst 2008

Íslandsmótið sem jafnframt er loka stigamót sumarsins var haldið í Fagralundi í Kópavogi. Þetta mót er það umfangsmesta á hverju ári og mikið lagt í, bæði í verðlaunum sem aðbúnaði og þátttökugjöfum fyrir keppendur.



Margir styrktaraðilar komu að mótinu og má þar nefna BROS sem útvegaði boli fyrir alla keppendur sem og vinninga til happadrættis, Olís sem gaf dýrindis útigrill í verðlaun, Útilíf sem gaf gjafaúttekt í verslunum sínum, Símann sem gaf GSM símtæki í happadrættisvinning, Skeljung sem gaf bensínúttektir, Sambíóin sem gáfu boðsmíða og 66° North sem gáfu í happdrættisvinninga. Einnig má

nefna að Ístak útvegaði girðingu sem dugði til að girða af allt svæðið og Toyota útvegaði aðstöðu fyrir keppendur.

Tjaldað var „stóru“ tjaldi við svæðið svo leikmenn gætu farið inni til að hlýja sér milli leikja ef þurfti, og einnig til þess að skipta um föt.

Mikil og góð stemning myndaðist á þessu móti sem tókst í alla staði mjög vel, enda strandblakarar fyrirmyndar íþróttafólk sem hefur það að markmiði að skemmta sér bæði utan vallar sem innan.

Frábær þátttaka var á mótinu en aldrei áður hafa jafn mörg lið tekið þátt í Íslandsmóti í strandblaki. 10 kvennalið og 8 karlalið skráðu sig til leiks, en þetta var 5. árið í röð sem Íslandsmót er haldið í Strandblaki hér á landi.

Fyrir mótið var ljóst að nýir Íslandsmeistarar yrðu krýndir á þessu móti, því sigurvegarar undanfarinna fjögurra ára í karlaflokki og síðustu tveggja ára í kvennaflokki voru ekki meðal þeirra liða sem tóku þátt þetta árið.

Svo fór að Íslandsmeistarar karla voru krýndir Brynjar Pétursson og Michael Overhage, en í kvennaflokki þær Laufey Björk Sigmundsdóttir og Lilja Jónsdóttir.



Uppröðun efstu liða var eftirfarandi:

Kvennaflokkur:

1. Laufey Björk Sigmundsdóttir HK og Lilja Jónsdóttir Þrótti R
2. Heiðbjört Gylfadóttir HK og Karen Björg Gunnarsdóttir HK
3. Ingibjörg Gunnarsdóttir HK og Martyna Mielke HK

Karlaflokkur:

1. Brynjar Pétursson HK og Michael Overhage Þrótti R
2. Karl Sigurðsson HK og Emil Gunnarsson Stjörnunni
3. Ólafur J Júlíusson HK og Ingólfur Guðjónsson HK

Lokaorð

Ekki var farið í nein landsliðsverkefni á árinu, en þegar þetta er ritað, þá liggur fyrir að senda bæði karla og kvennalið á Ólympíuleika smáþjóða sem fram fara í Kýpur í byrjun júní 2009.

Sumarið á Íslandi er mjög stutt og því þarf að nýta alla góðviðrisdaga sem gefast til þess að fara í sandinn til að stunda íþróttina. Ekki er það þó neitt vandamál þó veðrið sé ekki hið allra besta ef marka má þá miklu aðsókn sem var á strandblakvöllum höfuðborgarsvæðisins þetta sumarið. Það kom fyrir oft en einu sinni, að allir vellir svæðisins voru uppteknir, og oft 2 til 3 lið sem biðu eftir að fá að komast að.

Við vonum svo sannarlega að fleiri strandblakvellir verði settir upp sem fyrst hér á suð-vestur horninu svo fleiri geti spilað.

Við erum mjög bjartsýn með framtíðina því við vitum að víða um land er áhugasamt fólk um þessa frábæru íþrótt að vinna í því að setja upp nýja velli, eða með þá í undirbúningi. Má þar nefna nýjan völl

sem er í vinnslu á Egilsstöðum, tvo nýja velli í Neskaupstað, tvo nýja velli sem eru á teikniborðinu á Flúðum, völl sem fyrirhugaður er á Laugarvatni, og einnig einn völlur í bígerð í Húsafelli.

Við getum því ekki verið annað en ofur-bjartsýn á framtíðina og tökum jákvæð á móti nýju sumri, með fullt af skemmtilegum mótum.

Enn einu frábæru strandblaksumrinu er lokið. Strandblaknefnd BLÍ og Strandblak.is þakka fyrir ánægjulegt samstarf og samveru með strandblökurum landsins.

Fyrir hönd Strandblaknefndar BLÍ

Karl Sigurðsson

Karl Sigurðsson

Formaður strandblaknefndar

Skýrsla dómaranefndar BLÍ keppnistímabilið 2008 – 2009

Starfsemi dómaranefndar var með óbreyttu sniði eins og hefur verið þrjú seinustu keppnistímabil. Fyrst er athugað hvaða dómara á vegum BLÍ eru reiðubúnir að gefa kost á sér í dómgæslu fyrir tímabil, hvaða daga þeir eru forfallaðir frá dómgæslu og hvað þeir eru reiðubúnir að dæma mikið. Formaður mótanefndar og framkvæmdastjóri raðar síðan dómurum á leiki út frá þessum upplýsingum í samráði við formann dómaranefndar og niðurröðun gerð með hans samþykki þegar dómara hafa staðfest sína leiki. Formaður dómaranefndar sá aftur um að raða niður dómurum í úrslitakeppni Íslandsmótsins og undanúrslita- og úrslitaleiki bikarkeppninnar. Dómaranefnd BLÍ þetta keppnistímabil var óbreytt frá fyrra tímabili þannig að undirritaður, Jón Ólafur Valdimarsson, var formaður nefndarinnar og Sævar Már Guðmundsson framkvæmdarstjóri BLÍ var starfsmaður og meðstjórnandi í nefndinni. Enginn formlegir fundir voru haldnir hjá nefndinni aðeins óformleg samskipti í formi tölvupósta, símtala og þegar viðkomandi aðilar hittust við ýmis tilefni.

Hinn árlegi dómara- og ritarafundur var haldin 30. september 2008 á vegum nefndarinnar og stýrði formaður nefndarinnar honum. Sæmileg mæting var á fundinn en samt vantaði einhverja lands- og héraðsdómara á höfuðborgarsvæðinu á hann. Landsdómaranir á Akureyri mættu á fundinn en eins og staðan er í dag er enginn starfandi landsdómari á Austurlandi, Vesturlandi eða Suðurlandi og því mættu engir þaðan. Þetta var nokkurs konar samráðsfundur milli dómara þar sem farið var yfir ákveðin túlkunaratriði varðandi leikreglur, ritun leiksýrslu og dómgæslu og öllum gefið tækifæri á að koma með fyrirspurnir varðandi þau atriði sem þeim fannst óljós varðandi dómgæslu og málum tengd starfsemi dómara á vegum BLÍ. Gert er ráð fyrir að dómara- og ritarafundur verði árlega að hausti fyrir keppnistímabil.

Sama greiðslufyrirkomulag var fyrir dómgsæsluna eins og hefur verið seinustu tvö keppnistímabil, þ.e. BLÍ greiðir dómurum í 2 greiðslum fyrir deildina og fyrir úrslitakeppni bikarkeppninnar en liðin sjálf

greiða fyrir dómgæslu í úrslitakeppninni. Á fundinum var tilkynnt að stjórn BLÍ hafði komið að hluta á móts við kröfur dómara nefndar BLÍ frá seinasta dómara fundi að hækka greiðslu fyrir dómgæslu hvers leik, sem hafði verið 3.000 kr. og verið óbreytt í nokkur ár. En blakdómurum finnst það nokkuð lág upphæð miðað við ábyrgð og tímann sem fer í þetta og þá er sérstaklega miðað við hvað greitt er í öðrum íþróttagreinum. Stjórn BLÍ ákvað að hækka greiðslu fyrir dómgæslu í 1. deildinni upp í 4.000 kr. á leik en hún yrði áfram 3.000 kr. á leik í 2. deildinni. Stjórn BLÍ treysti sér ekki að hækka þau meira í bili en það þarf nauðsynlega að hækka þetta gjald svo að nýir dómara fái til starfa sem og að núverandi dómara vinni að þessu starfi að fullum hug og séu ávallt fúsir til að dæma. En það bar mikið á því í vetur að erfitt væri að manna dómara á leiki vegna þess að þeir vildu frekar láta aðra hluti ganga fyrir. En það hafðist nær ávallt að manna dómgæslu á leiki í vetur en það var engu að síður nokkuð erfitt að fá reynda dómara til að dæma í stærstu leikjunum sökum tengsla við lið o.s.frv. en eins og dómara staðan er í dag að þá eru ekki margir reyndir blakdómara í gangi og flestir hafa einhver tengsl við ákveðið lið sem eru að keppa.

Það er því endurtekinn krafa frá Dómara nefnd BLÍ að greiðsla fyrir dómgæslu í leik á vegum BLÍ verði að lámarki 5.000 kr. næsta tímabil svo að hún sé eitthvað í samræði við aðrar boltagreinar og þann tíma og akstur á eigin bílum sem dómara leggja á sig. Annars má búast við að einhverjir af núverandi dómurum muni hætta eða sinna þessu takmarkað og erfitt sé að fá nýja dómara inn í stéttina.

Með því að hækka greiðslu fyrir dómgæsluna verður auðveldara að fá dómara til að taka að sér leiki, fá nýja dómara inn í stéttina auk þess sem meiri kröfur megja gera á dómara og dómgæslu þeirra.

Eins og fram kemur hér að ofan að þá náðist yfirleitt að manna dómgæslu á leiki á vegum BLÍ þetta tímabil og í einstaka tilfellum var annar dómari ekki mættur sem þá var hægt að leysa á staðnum eða þá að lið féllust á að láta einn dómara dæma leikinn en þau tilvik voru eingöngu í 2. deildinni. Var dómaramannskapurinn nær sá sami og var starfandi seinasta keppnistímabil en meira bar á að ungir og efnilegir dómara væru að dæma í 1. deildinni þetta tímabil miðað við seinasta tímabil. Þannig að einhver endurnýjun er þar. Aftur á móti þurfti yfirleitt að senda dómara í 1. deildarleiki, bæði á Akureyri og á Neskaupstað sem og á suðurlandið í 2. deild, Hveragerði og Flúðir, þar sem eldri landsdómara þar hafa hætt störfum eða telja sig ekki í nógu góðri þjálfun fyrir dómgæslu í efstu deild. Einnig eru margir hinir nýju héraðsdómara þar enn ekki tilbúnir í að dæma þá leiki. Þetta er vandamál sem þarf að leysa því kostnaðarsamt er að senda ávallt dómara frá höfuðborgarsvæðinu til að dæma leiki úti á landi auk þess sem flestir dómara þar sýna því takmarkaðan áhuga á að taka þau verkefni að sér sökum tíma og fyrirhöfn sem því fylgir. Sem dæmi um þetta að þá fór ég, undirritaður formaður dómara nefndar BLÍ, 5 ferðir á Snæfellsnesið, 2 ferðir til Akureyrar og 1 ferð á Neskaupstað til að dæma blakleiki. Reyndar hafa leikjum á vegum BLÍ sem skipa þarf dómara á fjölgað mikið nú með tilkomu 3. deildar kvenna þannig að það er þörf á fleiri blakdómurum fyrir næstu ár ef umfang móta á vegum BLÍ heldur áfram að aukast eins og hefur verið undanfarin tímabil og á þá líka við um yngriflokkamótin en þar þarf líka hæfa dómara.

Ekkert dómara námskeið var haldið á vegum nefndarinnar þetta tímabil og er það miður. Til stóð að halda dómara námskeið á Akureyri í nóvember 2008 en þegar á reyndi var þátttaka ekki næg svo hægt væri að halda það og í staðinn var Sævar Már Guðmundsson framkvæmdastjóri BLÍ með óformlegt

námskeið/kynningu fyrir þá aðila sem höfðu hug á því að mæta á það námskeið. Einnig óskaði blakdeild Stjórnunnar eftir dómarnámskeiði í byrjun árs 2009 en sama kom upp á þar að einungis 4 aðilar á þeirra vegum höfðu hug á að sækja þannig námskeið og féll það því niður. Að auki var dómarnámskeið fyrirhugað á Snæfellsnesinu í byrjun árs 2009 en það tókst aldrei að finna hentuga tímasetningu fyrir það námskeið og því ákveðið að bíða með það fram að næsta keppnistímabili. Aftur á móti var haldið ritarnámskeið á Akureyri þann 4. september 2008 fyrir það fólk sem myndu vera leikskýrsluritarar á Norðurlandamóti U19 karla og kvenna sem haldið var á Akureyri daganna 5. – 8. september. Ágæt mæting var á námskeiðið en þar var farið yfir hvernig rita ætti leikskýrslu á alþjóðlegu móti svo allir væru klárir á því. Ekkert formlegt próf var tekið og gekk allt vel á mótinu varðandi ritun leikskýrslna. Dómarnafnd BLÍ hefur því ákveðið í ljósi þess hver staða dómaramála í blakinu er bágborin og þá sérstaklega úti á landi að halda eitt stórt dómarnámskeið strax í lok sumars 2009 eða fyrir næsta keppnistímabil. Er það námskeið fyrir alla landsbyggðina og verður væntanlega haldið á höfuðborgarsvæðinu. Þetta námskeið er sérstaklega ætlað þeim liðum sem eru ekki með blakdómara á sínum snærum að þau sendi dómaraefni á þetta námskeið enda er skilyrði þátttöku liða í mótum BLÍ að lið skipi amk. 2 dómara á sínum vegum. En þetta hefur ekki verið gert af öllum liðum og þá sérstaklega liða utan höfuðborgarsvæðisins. Einnig er gott að fá líka inn nýja og áhugasama menn í dómgæsluna í blakinu og ég hvet því þá sem hafa hug á því að fara í blakdómgæslu að mæta á þetta fyrirhugaða dómarnámskeið og hefja síðan dómgæslu á fullu.

Alls þurfti að raða niður dómurum á 447 leiki sem voru á vegum BLÍ og gekk það yfirleitt ágætlega fyrir sig þó að eitthvað væri um að upphaflegir dómarar á leikjum forfölluðust en það fundust nær ávallt dómarar í staðinn með mismikilli fyrirhöfn þó sem gerði það að verkum að sumir dómarar voru virkari í dómgæslunni en aðrir. Sumir dómara voru þó búnir að gefa það út að þeir gætu eitthvað takmarkað dæmt þennan vetur vegna ýmissa ástæðna. Til þess að dæma þessa 447 blakleiki í öllum landshlutum hafði dómarnafnd BLÍ aðgang að 12 héraðsdómurum og 14 landsdómurum (sjá nöfn og fjölda dæmdra leikja í viðauka). Sumir af okkar dómurum eru enn að spila svo erfitt getur að manna störf dómara þegar margir leikir eru í gangi. Einnig sökum þessa að margir dómarar eru leikmenn, þjálfarar eða stjórnmenn tiltekinna liða að þá getur oft verið erfitt að finna hæfa dómara sem teljast með öllu hlutlausir í tiltekna leiki eftir aðstæðum en það er trú nefndarinnar BLÍ að allir dómarar dæma eins og á að dæma eftir reglum blaksins óháð því hvort þeir tengjast viðkomandi liðum eða ekki.

Alþjóðablakdómarar okkar Leifur Harðarsson og ég undirritaður Jón Ólafur Valdimarsson dæmdu þónokkuð á alþjóðlegum mótum bæði hérlandis og erlendis. Dæmdu þeir báðir nokkra leiki á Norðurlandamóti U-19 karla og kvenna sem haldið var á Akureyri daganna 5. – 8. september 2008. Sævar Már Guðmundsson dæmdi einnig nokkra leiki á því móti sem og Stefán Jóhannesson dæmdi einn leik á mótinu. Bæði Leifur og Jón Ólafur fóru í sitt hvoru lagi til Hollands í nóvember 2008 með viku millibili og dæmdu í Evrópukeppni félagsliða í blaki. Leifur dæmdi karlaleik í Rotterdam sem aðaldómari en Jón Ólafur dæmdi kvennaleik í Schiedrecht viku seinna sem aðstoðardómari. Gekk þeim báðum mjög vel í þessum leikjum. Leifur átti síðan að dæma í sömu keppni leik í Belgíu í desember 2008 en þar sem annað liðið dró lið sitt úr keppni að þá varð ekkert úr þeirri för. Jón Ólafur fór síðan til Yaroslavl í Rússlandi í janúar 2009 í viku og var einn dómara í milliriðli í Evrópukeppni landsliða U-17. Þar var hann metinn af fulltrúa dómarnafndar Evrópska blaksambandsins (CEV) sem gaf honum mjög góða einkunn

og fékk hann einnig mikið hrós frá mótshöldurum, samdómurum og öðrum heiðursfulltrúum CEV fyrir frammistöðu sína á þessu móti. Þarf Jón Ólafur nú einungis einn leik metinn í viðbót svo hann verði formlega alþjóðlegur blakdómari en hann hefur verið. Næstu verkefni Leifs er að dæma landsleiki milli Englands og Tyrklands kvenna í Englandi í lok maí 2009 og svo til Lúxemborgar í lok júní 2009 að dæma í úrslitakeppni Evrópumóts Gþjóða karla. Jón Ólafur mun fara í lok maí 2009 til Kýpur að dæma á Smáþjóðaleikunum og verður einn af fulltrúum Íslands á því móti.

Að lokum vil ég hvetja leikmenn allra deilda, þjálfara og aðra forsvarsmenn liða að renna reglulega yfir leikreglurnar í blaki svo menn hafi sem bestan skilning á þeim þegar keppt er og séu því vel meðvitaðir um ákvarðanir dómarsins hverju sinni. Einnig er mikilvægt að leikmenn og þjálfarar viti hvernig samskipti þeirra sé háttáð við dómara í leikjum. Það sama á við um dómara að halda sér ávallt við efnið og rifja reglulega upp leikreglurnar enda er það þeirra að kunna þær 100%. Ein formleg athugasemd/kæra barst nefndinni er tengdist óánægju varðandi dómgæslu í vetur og kom hún frá blakdeild Aftureldingar og varðaði það dómgæslu ákveðins dómara í sinn garð í 2. umferð 3. deildar kvenna sem fram fór í Ólafsvík. Dómaranefnd BLÍ kannaði málsatvik og gat ekki séð að neitt óeðlilegt hafði verið við dómgæslu tiltekins dómara annað en hann dæmdi mikið hjá þeim í þessari umferð sökum þess að aðrir dómarar vildu ekki dæma ákveðna leiki sökum tengsla við lið. Var erindinu svarað formlega af Dómaranefnd BLÍ. Auk þess kom sá sjaldgæfi atburður upp að veita þurfti leikmanni Stjörnunnar í 1. deild karla, Aleksander Simeonov, hæstu refsingu í leik (bæði gula og rauða spjaldið í hendi) er hann gekk að aðstoðardómara í leik Stjörnunnar og KA, sem fór fram 6. febrúar 2009, og hótaði að kýla hann ef hann myndi dæma aftur net á sig. Það er alltaf mjög miður að það séu til leikmenn í blakíþróttinni sem geta ekki hamið skap sitt og sýna svona hegðun enda hafa svona tilvik leitt til þess að fínir dómarar hafa hreinlega hætt dómgæslu út af svona atvikum. Leiðinlega þó við þetta atvik var að viðkomandi leikmaður sá ekki að sér eftir þetta atvik og biðja viðkomandi dómara afsökunar á sinni hegðun eftir leik. En það er lámarks kurteisi og virðing við dómara að gera það og ef leikmaðurinn gerir það ekki að þá er lámark að forsvarsmenn liðsins eða deildarinnar geri það fyrir hönd liðsins en svo var ekki gert í þessu tilfelli. Sem sagt hvorki leikmaðurinn né forsvarsmenn Stjörnunnar báðu umræddan dómara afsökunar á þessari upptöku. Umræddur aðstoðardómari var ég undirritaður og ég vil því koma því áleiðis hér með að ef svona atvik eiga sér stað í framtíðinni að forsvarsmenn viðkomandi liðs sýni dómurum þann sóma að tryggja það að viðkomandi leikmaður biðjist afsökunnar á sinni hegðun og geri sér grein fyrir alvarleika hennar. Eða þá veiti viðkomandi dómara afsökunarbeiðni fyrir hönd liðsins svo hægt sé fyrir alla að hafa gaman af íþróttinni. Þetta á líka við um atvik milli leikmanna liða, þjálfara o.s.frv.

Það er von dómaranefndar að gæði blaks og blakdómgæslu muni ávallt aukast á komandi árum og er það markmið nefndarinnar að stuðla að góðri dómgæslu og umgjörð kringum hana á mótum BLÍ. Einnig vil ég í leiðinni minna félög á að þau eiga að tilnefna 2 dómara sem dæma fyrir þeirra hönd fyrir hvert keppnistímabil og hvet því Stjórn BLÍ að taka harðar á því.

Læt þetta nægja í bili og vil ég fyrir hönd dómaranefndar BLÍ færa öllum þeim sem dæmdu í okkar nafni í vetur bestu þakki fyrir þeirra framlag.

Jón Ólafur Valdimarsson, formaður dómaranefndar BLÍ keppnistímabilið 2008 – 2009

Þinggerð 34. öldungabings BLÍ 2009

Öldungabing 34. Öldungamóts BLÍ 2009

Haldið í Valaskjálfi á Egilsstöðum 30. apríl kl. 22:00.

Fundarstjóri: Gunnlaugur Aðalbjarnarson

Fundarritari: Jóney Jónsdóttir

1. Margrét Vera Knútsdóttir býður fundargesti velkomna og setur Öldungabing 34. Öldungamóts BLÍ. Hún stingur upp á Gunnlaugi Aðalbjarnarsyni sem fundarstjóra og var það samþykkt. Fundarstjóri stakk upp á Jóneyju Jónsdóttur sem fundarritara sem einnig er samþykkt. Að því loknu er gengið til dagskrár.
2. Fundarstjóri kannar mætingu. Eftirtalin lið eiga fulltrúa á þinginu. Karlar: KA, KA K, Stjarnan, Þróttur R. 1, Rimar, Afturelding, ÍS A, ÍS B, Víkingur Ó., Höttur, UMFG, Rassskellur og Skellur. Konur: Skellur B, Skellur A, Víkingur Ó., Stjarnan A, Stjarnan B, Rimar A, Höttur A, Honey Bees, Afturelding 3, Afturelding 1, Afturelding 2, Afturelding 4, Álftanes A, Álftanes B, Álftanes C, HK A, HK B, HK C og ÍS. Þar með er ljóst að ekki er næg mæting til að breyta lögum en ákveðið er að fara yfir þær tillögur að breytingum sem hafa borist þinginu.
3. Fundarstjóri nefnir þær tillögur að breytingum á reglugerð um Öldungamót BLÍ sem borist hafa þinginu með tilskildum fresti. Borist hafa þrjár tillögur frá Skellum á Ísafirði. Fulltrúi Skells, Ásdís, fer yfir tillögurnar. Sú fyrsta varðar 1. grein og er svo hljóðandi með breytingum: *Mótið heitir öldungamót BLÍ. Markmið og megin tilgangurinn er að útbreiða blaklþróttina meðal öldunga, stuðla að framförum í tækni og viðhalda getu keppenda.* Önnur tillagan varðar 4. grein og hljóðar þannig: *Mótið skal haldið á heimavelli öldunganefndar hverju sinni og tengjast sumardegnum fyrsta, 1. maí eða uppstigningardegi ef það þykir henta betur.* Sú síðasta varðar 8. grein og hljóðar svo: *Þátttökutilkynningar skal senda öldunganefnd eigi síðar en 30 dögum fyrir mót og skal þátttökugjald sem er ákveðið af mótshaldara fylgja tilkynningunni. Þátttökuliðin skulu senda öldunganefnd nöfn og kennitölur allra keppenda eigi síðar en 10 dögum fyrir mót og bera liðin fulla ábyrgð á að skráning sé í samræmi við aldursreglur mótsins. Lið sem verður uppvíst að ólöglegri liðsskipan tapar leiknum 2 – 0 (25-0, 25-0).*

Gunna Stína formaður blakdeildar Aftureldingar lýsir ánægju sinni með breytingartillögu að 4. grein og segir fordæmi fyrir því að þetta hafi verið gert þrátt fyrir að lögin segi annað. Hannes Garðarsson frá KA nefnir varðandi 8. grein að erfitt sé að vita fyrir en á síðustu stundu hverjir geta mætt á mót. En kannski yrði þessi breyting til bóta. Valgeir úr Aftureldingu sér ekki hvaða kosti það hefur að láta liðin skrá sig með löngum fyrirvara. Hreggviður úr ÍS B spyr

Skell hvort hugsunin sé að skráningin verði endanleg. Fulltrúi Skells nefnir að í lögunum standi að liðin skuli leggja fram nafnalista en afar fá lið gera það. Hann spyr hverjir geti leyft að farið sé á svig við lögin. Marinó frá Rimum tekur undir með Hannesi að menn séu ekki klárir í slaginn en til að taka tillit til mótshaldara sé gott að hafa fjöldann á hreinu og skráningu í lið en það verði að vera leyfilegt að breyta. Hann telur að dagsetningin eigi að vera sveigjanleg þegar nauðsyn ber til. Það sé þekkt t.d. í knattspyrnu að sveigja þurfi reglur þegar þess þarf. Ingibjörg frá ÍS talar um að hættulegt sé að tala um að sveigja reglur. T.d. séu reglur um aldur sem við viljum ekki sveigja. Margrét Vera frá Honey Bees og Öldungur mótsins finnst nauðsynlegt að bæta uppstigningardegi við því þá sé um þrjár helgar að ræða. Hún segir erfitt að halda utan um skráningar þegar þær berast seint. Í ár var skráning góð. Hún telur rétt að skráningin fari fram á blak.is en ekki skriflega við komu á mót.

Ekki er hægt að samþykkja tillögurnar þar sem fundurinn er ólöglegur vegna þess að of fá félög eiga fulltrúa. Íris frá ÍS nefnir að nauðsynlegt sé að kynna þingið fyrir blökurunum. Þeir viti ekki hvað hér fer fram og hversu mikilvægt þetta er. Hera frá Hetti nefnir að þetta hafi verið fyrsta fréttin sem sett var á heimasíðu mótsins. Marinó spyr hvort rukka megi lið sem ekki sendi fulltrúa. Þingfulltrúar hafna því. Margrét Vera segist skilja það að þetta sé fólki framandi og hulið. Sjálf hafi hún ekki mætt á þing fyrr en Huginn sótti um að halda mót. Fulltrúi frá Aftureldingu nefnir þá hugmynd að þegar mótsgögn séu afhent sé rétt að segja liðum að þeim sé skylt að senda fulltrúa sinn á þingið. Fulltrúi Skells spyr hvort gera eigi formenn ábyrga, þeir skuli senda fulltrúa. Ingibjörg frá ÍS segir að ein leið sé að hvert lið þurfi að tilnefna fulltrúa á þingið við skráningu. Sigurður frá Skelli spyr hvort senda eigi sms á forsvarsmenn. Hannes nefnir að láta fylgja eyðublað sem veitir skriflegt umboð. Jón Grétar frá ÍS A segir þingið hingað til hafa verið haldið þegar enn var verið að spila. Hann segir umræðuna marklausa þar sem ekki er hægt alls staðar að hætta keppni eins snemma og nú og því geti lið ekki sent fulltrúa sinn. Ingibjörg frá ÍS spyr hvar í reglunum það komi fram að þurfi skriflegt umboð. Garðar frá UMFG telur að ef hægt verði að fá nægilega mörg skrifleg umboð á næsta þing þá verði hægt að breyta reglunum um þetta atkvæðamagn sem þarf til að breyta lögum. Hér er fólkið sem hefur áhuga á íþróttinni og mótunum. Hinir verða að treysta þeim sem mæta. Því væri gott að setja eyðublöðin með mótsgögnum til að auðvelda mönnum að fá umboðin. Þannig væri hægt að tryggja að þingin sé alltaf lögleg. Margrét Vera vill að komi fram að hún taki á sig þá sök að reglugerðarbreyting frá 2008 hafi ekki birst í mótsskránni, textinn var tekinn af heimasíðu BLÍ.

Skrifleg tillaga kemur frá Hannesi Garðarssyni KA um að greidd séu atkvæði um tillögurnar þó ekki sé hægt að samþykkja þær á löglegan hátt. Tillagan er svohljóðandi: „Öldungaþing lýsir yfir vilja sínum vegna tillagna Skellna til að komandi Öldunganefndir geti stuðst við þann vilja.“

Hreggviður frá ÍS B kemur með eftirfarandi tillögu: „Öldungaþing haldið á Egilsstöðum 30. apríl 2009 samþykkir að skipa nefnd 3ja aðila til að

endurskoða reglur um Íslandsmót blaköldunga í samráði og samvinnu við BLÍ sem sömuleiðis skipar þrjá aðila í nefndina. Nefndin velur sér formann. BLÍ boði svo til sérstaks fundar til að ganga frá þessu máli. Samþykktir á öldungaþinginu verða sendar nefndinni. Þessu skal lokið fyrir næsta öldungamót.“

Í samræmi við tillögu Hannesar biður fundarstjóri menn um að rétta upp hönd ef þeir styðja þá hugmynd að mótið verði haldið á uppstigningardegi, sumardeginum fyrsta eða 1. maí. Það er samþykkt með miklum meirihluta. Tillaga að breytingu varðandi 1. grein er samþykkt samhljóða. Tillaga að breytingu varðandi 8. grein, um að þáttökulið sendi inn liðslista fyrir mót er samþykkt með þorra greiddra atkvæða.

Hreggviður les upp fyrrgreinda tillögu sína. Fundarstjóri býður fundarmönnum að fjalla um hana. Hannesi frá KA þykir þingið taka sér talsvert mikil völd með þessari tillögu. Bent er á að ársþing BLÍ hefur lokaorð varðandi slíkar tillögur. Hreggviður ítrekar að tilagan segi til um að þingið velji 3 fulltrúa og skori á BLÍ að tilnefna 3 fulltrúa. Fundarstjóri ber tillöguna undir atkvæði og hún er samþykkt með þorra greiddra atkvæða.

Umsækjendur næsta Öldungamóts kynna umsóknir sínar og útnefna tilvonandi Öldung. Að þessu sinni hafa borist umsóknir frá fjórum félögum. Þau eru Afturelding, HK, KA og Þróttur R. Fulltrúar þessara félaga kynna fundinum umsóknir sínar.

Guðrún Kristín Einarsdóttir frá Aftureldingu kynnir umsókn síns félags. Í umsókninni nefnir Afturelding dagsetninguna 13. maí, uppstigningardag. Bæjarstjórn Mosfellsbæjar býður alla blaköldunga velkomna. Guðrún Kristín nefnir góða aðstöðu, velgengi í barna- og unglingastarfi og öflugt starf öldunga. Hún sjálf er tilnefnd sem öldungur.

Ingibjörg Gunnarsdóttir formaður HK kynnir umsókn síns félags. Hún nefnir glæsta aðstöðu, aðalstjórnin stendur vel við bakið á blakdeildinni, velgengi í deildarkeppni og gott uppbyggingarstarf í krakkablaki. Vilborg Guðmundsdóttir mun verða öldungur.

Hannes Garðarsson frá KA kynnir umsókn síns félags. Hann nefnir Gunnar Garðarsson sem tilnefndan öldung og að uppstigningardagurinn sé tilvalinn. Nægilegt rými er til staðar og mikill metnaður fyrir að vanda umgjörð gagnvart stemmningu, því öldungamót er upplifun. Öflugt starf er bæði í meistarflokkum, öldungablaki og krakkablaki.

Jón Ólafur Valdimarsson frá Þrótti Reykjavík kynnir umsókn síns félags sem sækja um að halda mótið í Vestmannaeyjum. Þar er margir vellir á sama stað. Þróttur er með öflugt starf eldri flokka en hefur gengið svolítið illa að rækta barnastarf undanfarin ár. Vegna laganna var sumardagurinn fyrsti nefndur í umsókninni en ekkert er því til fyrirstöðu að velja uppstigningardaginn. Hann sjálfur mun verða öldungur.

Sigrún Ólafsdóttir frá Víkingi Ó. sem hefur setið í öldungaráði gagnrýnir bréf sem barst ráðinu eftir valið á síðasta móti. Hún er ósátt við slík vinnubrögð og bendir á að öldungaráð vinni eftir bestu samvisku. Guðrún Kristín frá

Aftureldingu segist vera bréfitarinn og skýrir sitt mál og skriftirnar. Fundarstjóri ber upp tillögu um að vísa valinu til öldungaráðs. Samþykkt er að fela Öldungaráði að velja á milli þessara fjögurra félaga.

5. Önnur mál.

- a. Kjósa verður þrjá fulltrúa í nefnd til að endurskoða reglur um Íslandsmót blaköldunga samkvæmt tillögu Hreggviðar sem samþykkt var fyrr á fundinum. Tillaga kemur um Hannes Garðarsson KA, Ingibjörgu Gunnarsdóttur HK, Garðar Svansson UMFG, Guðrúnu Kristínu Aftureldingu, Þorgerði Kristinsdóttur Álftanesi og Ásdísi Birnu Pálsdóttur Skelli. Fundarmenn kusu þrjá menn í nefndina. Úrslitin voru eftirfarandi: Ingibjörg 26 atkvæði, Þorgerður 16, Ásdís Birna 14, Guðrún Kristín 11, Garðar 10 og Hannes 7.
- b. Jón Grétar frá ÍS biður næsta öldung að hafa í huga að reglur séu ekki skrumskældar. 7 lið eiga að vera í deild.
- c. Guðrún Kristín óskar Hugin og Hetti til hamingju með mótið sem er ákaflega gott.
- d. Marínó frá Rimum og Hannes Garðarsson KA kynna landsmót UMFÍ 2009 sem haldið verður á Akureyri í júlí.

6. Fundarstjóri slítur fundi og þakkar fundarmönnum komuna.

Gunnlaugur Aðalbjarnarson

Jóney Jónsdóttir

Skýrsla framkvæmdanefndar NEVZA U19

Aðdragandi

Ísland hefur um margra ára skeið sent lið til þátttöku í Norðurlandamóti unglunga í blaki. Ekki voru send lið á árunum 2002 – 2004. Frá árinu 2005 hafa ýmist verið send lið í U-19, U-17 eða báðum flokkunum. Á síðasta ári var ákveðið að U-19 mótið yrði haldið á Íslandi eftir að NEVZA þjóðirnar ákváðu á fundi sínum að Ísland og Færeyjar kæmu inn í mótaröðina á móti hinum Norðurlandþjóðunum. Hér eftir verður mótið haldið á Íslandi á 8 ára fresti.

Stjórn Blaksambandsins ákvað að halda mótið 5.- 7. september 2008 í samvinnu við KA á Akureyri, en blakið á þar mjög sterkar rætur. Sigurður Arnar Ólafsson, formaður blakdeildar KA, tók að sér formennsku í framkvæmdanefnd mótsins og gengið var til samninga við Akureyrarbæ um afnot af íþróttahúsum bæjarins fyrir þetta stórmót.

Framkvæmdarnefnd NEVZA U19

Sigurður Arnar Ólafsson, formaður
Valdimar Hafsteinsson, fjáröflun
Auður Hauksdóttir, gisting og uppihald
Sævar Már Guðmundsson, framkvæmdastjóri BLÍ

Samstarfsaðilar

Keppnisliðin gistu á heimavist MA og mótuneyti MA matreiddi ofan í gestina á meðan á dvöl þeirra á Akureyri stóð.

Aðalstyrktaraðilar mótsins voru Ícelandair, Goði, KEA og Kjörís. Auk þess voru tugir annarra styrktaraðila sem auglýstu í mótaskrá sem var gefin út í tengslum við mótið en þar komu einnig fram upplýsingar um liðin auk upplýsinga um mótið.

Framkvæmd mótsins

Það kostar mikla vinnu og útsjónarsemi að halda mót af þessar stærð. Árið 2006 hélt BLÍ undanriðil í EM smáþjóða í Digranesi. Reynsla og þekking frá því móti nýttist vel í undirbúningi og framkvæmd þessa móts.

Keppendur á mótinu voru 120 talsins frá 6 þjóðlöndum en leikið var bæði í karla og kvennaflokki. Að auki voru um 20 aðstoðarmenn og þjálfarar með liðunum. Einn dómari kom með hverri þjóð nema frá Færeyjum og auk þeirra voru fjórir dómarar frá Íslandi: Leifur Harðarson, alþjóðadómari, Jón Ólafur Valdimarsson, alþjóðadómarakandidat og landsdómararnir Sævar Már Guðmundsson og Stefán Jóhannesson. Starfsmenn á leikjum voru sjálfboðaliðar frá blakdeild KA og BLÍ. Alls þurfti mótsnefndin að manna um 200 stöður á leikjum en í heildina talið komu um 250 sjálfboðaliðar að undirbúningi og frágangi mótsins.

Karlaliðin voru 5 talsins: Danmörk, Ísland, Noregur, England og Svíþjóð. Kvennaliðin voru einnig 5: Danmörk, Færeyjar, Ísland, Noregur og Svíþjóð. Alls fóru 20 leikir fram á þremur dögum. Konurnar léku í KA heimilinu og karlarnir í Íþróttahöllinni á Akureyri þar sem blakdúkur BLÍ var lagður á gólfíð. Mótavefurinn www.blak.is hýsti mótið og var aðgengi gestanna að honum mjög gott því hann var þýddur yfir á ensku í tilefni mótsins.

Lokaorð

Fyrir hönd Blakdeildar KA og BLÍ viljum við í nefndinni þakka þeim fjölmörgu sem aðstoðuðu við framkvæmd NEVZA mótsins á Akureyri. Í fjölmiðlum var mikil og jákvæð umfjöllun um mótið. Þátttakendur voru mjög ánægðir með allt mótahaldið, skipulagningu og staðsetningu þess, enda voru

keppnisstaðirnir, gístaðstaðan og mötuneytið í göngufæri hvert frá öðru. Aðsóknin á leikina var góð og áhorfendur komu langt að til þess að og fylgjast með keppninni.

Aðalstyrktaraðilum mótsins, Ícelandair, Goða, Kjörís og KEA viljum við þakka sérstaklega fyrir þeirra stuðning og vonumst við til þess að eiga þá að í framtíðinni. Öllum öðrum samstarfsaðilum, svo sem Heimavist MA, Mötuneyti MA og Akureyrarbæ færur við einnig bestu þakkið fyrir samstarfið.

Að lokum viljum við minna á myndir frá mótinu, sem Sigurjón Svanbergsson tók, má finna á vef Blaksambands Íslands. Þar eru einnig fréttir frá mótinu en árangur íslenska U-19 liðs kvenna var frábær, en það náði þriðja sætinu eftir æsispennandi leik við Norðmenn. Auk þess var Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir kosin besti leikmaður mótsins í kvennaflokki. *Öll úrslit frá mótinu má finna í viðauka aftast í ársskýrslunni.*

f.h. Framkvæmdanefndar NEVZA U19

Sigurður Arnar Ólafsson

Blaksamband Íslands

Ársreikningur 2008

Unnið af Halldóru Sævarsdóttur

Blaksamband Íslands


Áritun stjórnar

Ársreikningur þessi fyrir árið 2008 er saminnt samkvæmt viðurkenndum bókhaldsvenjum og reglum þeim er Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands hefur samræmt fyrir sambandsaðila sína.

Ársreikningur Blaksambands Íslands samanstendur af rekstrarreikningi fyrir árið 2008, efnahagsreikningi þann 31. desember 2008 auk sundurliðana.

Við teljum að hann endurspegli afkomu Blaksambands Íslands fyrir ofangreint starfsár og samþykkjum hann hér með með undirritun okkar.

Reykjavík, 14. maí 2009


Jason Ivarsson
formaður BLÍ


Óskar Hauksson
gjaldkeri BLÍ


Sævar Már Guðmundsson
frankvæmdastjóri BLÍ


Áritun skoðunarmanna BLÍ

Við undirritaðir skoðunarmenn BLÍ höfum yfirfarið ársreikning sambandsins fyrir árið 2008. Við höfum yfirfarið efnahagsliði í árslok og fengið greið svör við öllum fyrirspurnum.

Við leggjum því til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Akureyri, 14. maí 2009


Hjörtur Bjarki Halldórsson
kjörinn skoðunarmaður


Aðalsteinn Einar Eymundsson
kjörinn skoðunarmaður

Rekstrarreikningur ársins 2008

	skýr	2008	2007
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir.....	1	16.079.421	13.189.317
Mótatekjur.....	2	6.578.622	2.767.550
Aðrar tekjur.....	3	840.971	1.313.727
		<u>23.499.014</u>	<u>17.270.594</u>
 Rekstrargjöld			
Yfirstjórn.....	4	5.956.418	5.093.015
Íþróttaleg viðskipti.....	5	15.567.195	11.040.316
Kynning og fræðsla.....	6	866.218	947.703
Önnur gjöld.....	7	149.431	494.865
Afskriftir.....		415.000	250.000
		<u>22.954.262</u>	<u>17.825.899</u>
 Hagnaður (tap) fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		544.752	(555.305)
 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur.....		19.362	28.526
Vaxtagjöld.....		<u>(1.214.789)</u>	<u>(873.166)</u>
		<u>(1.195.427)</u>	<u>(844.640)</u>
 Hagnaður (tap) ársins		<u><u>(650.675)</u></u>	<u><u>(1.399.945)</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

	skýr	2008	2007
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....		98.870	98.870
Blakdúkur.....		1.750.000	2.000.000
<i>Fastafjármunir samtals</i>		<u>1.848.870</u>	<u>2.098.870</u>
 Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur.....	8	2.300.095	852.377
Handbært fé	9	87.669	15.014
<i>Veltufjármunir samtals</i>		<u>2.387.764</u>	<u>867.391</u>
 Eignir samtals		<u>4.236.634</u>	<u>2.966.261</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

	skýr	2008	2007
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Ójafnað tap.....	10	(3.474.955)	(2.824.280)
<i>Eigið fé samtals</i>		<u>(3.474.955)</u>	<u>(2.824.280)</u>
 Skammtímaskuldir			
Yfirdráttur bankareikninga.....		3.353.518	3.272.976
Kreditkort.....		2.029.292	2.195.141
Ógreiddur kostnaður.....		2.328.557	116.617
Aðrar skammtímaskuldir.....		<u>222</u>	<u>205.807</u>
<i>Skuldir samtals</i>		<u>7.711.589</u>	<u>5.790.541</u>
 Eigið fé og skuldir samtals			
		<u><u>4.236.634</u></u>	<u><u>2.966.261</u></u>

Sundurliðanir

	2008	2007
1 Framlög og styrkir		
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ.....	979.485	889.702
Ungir og efnilegir.....	300.000	500.000
Lottó ÍSÍ.....	2.320.552	2.277.265
Styrkur Ól. fjölskyldan.....	200.000	400.000
Styrkur úr afrekssjóði.....	800.000	0
Norræni menningarmálasjóðurinn.....	1.342.800	1.061.100
Framlag frá Ríkinu.....	2.500.000	1.600.000
Tekjur vegna unglingastarfs.....	470.000	486.000
Framlög landsliðsmanna.....	4.240.793	3.157.057
Brossamningur.....	276.732	400.353
Styrkir frá fyrirtækjum og einstaklingum.....	2.649.059	2.217.840
Krakkablað.....	0	200.000
	<u>16.079.421</u>	<u>13.189.317</u>
2 Mótatekjur		
Tekjur af mótahaldi.....	2.856.225	2.109.550
Þátttökugjöld alþjóðamóts.....	2.612.312	0
Aðgangseyrir.....	42.096	0
Tekjur vegna hæfileikabúða, æfingabúða, námskeiða o.fl.....	<u>1.067.989</u>	<u>658.000</u>
	<u>6.578.622</u>	<u>2.767.550</u>
3 Aðrar tekjur		
Félagaskipti.....	69.000	147.000
Sala fræðsluefnis.....	153.026	144.500
Aðrar tekjur.....	<u>618.945</u>	<u>1.022.227</u>
	<u>840.971</u>	<u>1.313.727</u>
4 Yfirstjórn		
Stjórnunarkostnaður.....	412.725	190.721
Póstur, sími ritföng o.fl.....	320.236	301.419
Heimasíða.....	106.413	193.460
Þing og fundarkostnaður.....	171.392	176.760
Laun framkvæmdastjóra.....	1.692.288	1.821.724
Þjálfarar.....	1.700.000	1.193.509
Launatengd gjöld.....	271.538	209.070
Tryggingagjald.....	103.426	106.902
Dagpeningar.....	<u>1.178.400</u>	<u>899.450</u>
	<u>5.956.418</u>	<u>5.093.015</u>

Sundurliðanir

	2008	2007
5 Íþróttaleg viðskipti		
<u>Ferðakostnaður</u>		
Innanlands.....	1.661.128	1.443.315
Erlendis.....	5.255.023	5.638.879
 <u>Annað</u>		
Kostnaður vegna búninga og fleira.....	699.270	1.281.317
Kostnaður vegna þátttöku í mótum.....	1.725.677	975.533
Dómgæsla deild og bikar.....	919.200	202.492
Kostnaður vegna mótahalds.....	966.375	1.171.668
Kostnaður vegna alþjóðamóts.....	3.980.070	0
Húsaleiga ÍSí.....	360.452	327.112
	<u>15.567.195</u>	<u>11.040.316</u>
 6 Kynning og fræðsla		
Fræðsla, útbreiðsla og kynning.....	140.898	147.203
Kostnaður vegna hæfileikabúða, námskeiða og fleira.....	725.320	800.500
	<u>866.218</u>	<u>947.703</u>
 7 Önnur gjöld		
Árgjöld NEVZA CEV og FIVB.....	89.049	56.299
Árs- og uppskeruhátíð BLÍ.....	29.400	352.744
Þjónustugjöld banka.....	30.982	0
Önnur gjöld og heimsóknir erlendra gesta.....	0	85.822
	<u>149.431</u>	<u>494.865</u>
 8 Viðskiptakröfur		
Inneign hjá afrekssjóði.....	200.000	165.000
Inneign hjá ÍSí.....	267.889	687.377
Viðskiptakröfur sölukerfi.....	1.832.206	0
	<u>2.300.095</u>	<u>852.377</u>
 9 Handbært fé		
Tékkareikningur 4062.....	87.669	15.014
	<u>87.669</u>	<u>15.014</u>
 10 Eigið fé		
Ójafnað tap frá fyrra ári.....	(2.824.280)	(1.424.335)
Afkoma ársins.....	(650.675)	(1.399.945)
	<u>(3.474.955)</u>	<u>(2.824.280)</u>

Viðaukar

Listi yfir þá sem hlotið hafa heiðursmerki BLÍ
þann 15. maí 2009 höfðu eftirtaldir hlotið heiðursmerki BLÍ

Heiðursmerkishafar BLÍ - Gull

John Framnes
Albert H.N. Valdimarsson
Anton Bjarnason
Hermann Stefánsson
Ólafur Sigurðsson
Kjartan Páll Einarsson, 1995
Guðmundur Arnaldsson, 1995
Gunnar Árnason, 1997
Halldór Jónsson, 1997
Grímur Magnússon, 1997
Stefán Jóhannesson, 1999
Berglind Þórhallsdóttir, 2002
Björgólfur Jóhannsson, 2002
Leifur Harðarson, 2002
Petrún Björg Jónsdóttir, 2002
Skjöldur Vatnar Björnsson, 2002
Þorvaldur Sigurðsson, 2002
Jónas Traustason, 2003
Dr. Ingimar Jónsson, 2005
Júlíus Hafstein, 2006
Sigurður Arnar Ólafsson, 2008
Vignir Þröstur Hlöðversson, 2008
Guðmundur Helgi Þorsteinsson, 2008

Silfurmerkishafa BLÍ silfur

Arngrímur Þorgrímsson
Jón Ólafur Valdimarsson
Stefán Jóhannesson
Jason Ívarsson
Leifur Harðarson
Berglind Þórhallsdóttir, 1997
Stefán Magnússon, 1998
Vilborg Guðmundsdóttir, 2004
Geir Guðnason, 2004
Ástríður Valbjörnsdóttir, 2007
Haukur Valtýsson, 2008
Gunnar Garðarsson, 2008
Davíð Búi Halldórsson, 2008
Viðar Gylfason, 2008
Vigfús Örn Gíslason, 2008

Leikmenn 50 landsleikir

Oddný Erlendsdóttir, 1997
Birna Hallsdóttir, 2007
Vignir Hlöðversson, 2007
Emil Gunnarsson, 2007
Ólafur Heimir Guðmundsson, 2007
Fríða Sigurðardóttir, 2007

Blakmenn ársins frá upphafi

Ár	Nafn	Félag	Ár	Nafn	Félag
1973	Þór Sigþórsson	ÍS	1996	Ólafur Heimir Guðmundsson	Gentofte
1974	Halldór Jónsson	ÍS	1997	Dagbjört Víglundsóttir	ÍS
1975	Indriði Arnórsson	ÍS	1998	Dagbjört Víglundsóttir	Valdosta
1976	Guðmundur E. Pálsson	Þrótti R.		Einar Sigurðsson	Gentofte
1977	Valdemar S. Jónasson	Þrótti R.	1999	Ingibjörg Gunnarsdóttir	ÍS
1978	Jóhanna Guðjónsdóttir	Völsungi		Áki Thoroddsen	Gentofte
1979	Haraldur Geir Hlöðversson	Umf.Laugdæla	2000	Fríða Sigurðardóttir	HIK Aalborg
1980	Leifur Harðarson	Umf.Laugdæla		Zdravko Demirev	ÍS
1981	Fríðjón Bjarnason	ÍS	2001	Hulda Elma Eysteinsdóttir	Þrótti N.
1982	Leifur Harðarson	Þrótti R.		Valur Guðjón Valsson	Þrótti R.
1983	Lárentsínus H. Ágústsson	Þrótti R.	2002	Fríða Sigurðardóttir	USA
1984	Jón Árnason	Þrótti R.		Róbert Karl Hlöðversson	Stjörnunni

1985	Auður Aðalsteinsdóttir	ÍS	2003	Karen Björg Gunnarsdóttir	KA
1986	Leifur Harðarson	Þrótti R.		Einar Sigurðsson	HK
1987	Sigurborg Gunnarsdóttir	UBK	2004	Anna Pavliouk	Þrótti R.
1988	Haukur Valtýsson	KA		Brynjar Pétursson	HK
1989	Stefán Jóhannesson	KA	2005	Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir	Þrótti N.
1990	Þorvarður Sigfússon	ÍS		Emil Gunnarsson	Stjörnunni
1991	Særún Jóhannsdóttir	Víkingi	2006	Fríða Sigurðardóttir	SCAD
1992	Matthías Bjarki Guðmundsson	Þrótti R.		Róbert Karl Hlöðversson	Stjörnunni
1993	Þórey Haraldsdóttir	ÍS	2007	Miglana Apostolova	Þrótti N.
1994	Stefán Þ. Sigurðsson	HK		Davíð Búi Halldórsson	KA
1995	Elva Rut Helgadóttir	HK	2008	Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir	Tromsö V
				Vignir Þröstur Hlöðversson	Stjörnunni

Refsingar og staða spjalda eftir leiktímabilið

Einn leikmaður tók út leikbann í vetur

Aleksander Simeonov, Stjörnunni fyrir gult/rautt spjald

Staða gulra spjalda

Valur Guðjón Valsson, Þrótti R 2 Gul
Piotr Kempisty, KA 1 Gult
Brynjar Pétursson, HK 1 gult Þ
Todor Marinov, HK 1 gult Þ
Birna Sigrún Hallsdóttir, HK 1 gult
Victor Boldariev, Afturelding 2 gul Þ
Jóhann Eiríksson, UMFG 1 gult
Jakob Baldursson, Afturelding 1 gult

Dómarar - tímabilið 2008-2009

Landsdómarar	1.deild	neðri deildir	bíkar	Úrslitak	Fjöldi leikja
Leifur Harðarson	25	2	3	4	34
Jón Ólafur Valdimarsson	14	7	10	3	34
Sævar Már Guðmundsson	12	11	10	3	36
Stefán Jóhannesson	16		9	4	29
Valgeir Valgeirsson	2	1	7		10
Ólafur J. Júlíusson	6	17	1		24
Jason Ívarsson	1	7	3	1	12
Reynir Árnason	5	25	1		31
Hannes Karlsson	6		8	1	15
Brynjar Pétursson		1	2		3
Jóhannes Stefánsson		5			5
Gunnar Garðarsson			3		3
Kristján Sigurðsson				1	1
Svala Vignisdóttir	8	12		4	24

Héraðsdómarar					
Susanne Freuler		4			4
Úrsúla Junemann		5			5
Ólafur Arason		25			25
Ásta Gylfadóttir		10			10
Ingólfur Hilmar Guðjóns.		24			24
Kolbeinn Tumi Baldursson		24			24
Orri Þór Jónsson		31		1	32
Markús Ívarsson		1			1
Andrea Maja Burgherr		12			12
Lilja Margrét Hreiðarsdóttir		21			21
Hrefna Stefánsdóttir		1			1
Kristján Geir Guðmundsson	1				1
Margrét Vera Knútsdóttir		8			8
Birna Guðmundsdóttir		1			1
Grímur Magnússon		2			2
Ólafur Sigurðsson		1			1
Miglana Apostolova		3			3
Inga Þorvaldsdóttir		3			3
Guðmundur Gunnarsson		2			2
Kristján Jónsson		1			1

Auk þess voru fjölmargir dæmdir leikir í 2. og 3. deild kvenna Austur sem eru ekki taldir hér.

Stigaskor leikmanna í 1. deild kvenna

	Félag	Sókn	Hávörn	Uppgjöf	Samtals	leikir
Miglena Apostolova	Þrótti Nes	181	17	23	221	12
Lilja Jónsdóttir	Þrótti R	116	35	36	187	12
Karen Björg Gunnarsdóttir	HK	109	9	26	144	12
Laufey Björk Sigmundsdóttir	HK	99	12	9	120	11
Fjóla Rut Svavarsdóttir	Þrótti R	62	27	12	101	12
Sóley Ásta Karlsdóttir	Fylkir	70	4	13	87	12
Fríða Sigurðardóttir	Þrótti R	51	12	24	87	6
Birna Hallsdóttir	HK	66	3	17	86	10
Ingibjörg Gunnarsdóttir	HK	52	19	6	77	7
Kristín Salín Þórhallsdóttir	Þrótti Nes	67	3	5	75	12
Rasa Ratkuté	Fylkir	47	15	12	74	12
Velina Apostolova	Þrótti R	47	3	14	64	11
Ásthildur Gunnarsdóttir	Þrótti R	42	4	16	62	12
Helena Kristín Gunnarsd.	Þrótti Nes	40	12	9	61	12
Zaharina Filipova	HK	43	8	9	60	11
Lilja Björk Lárusdóttir	Fylkir	44	3	11	58	12
Eygló Pétursdóttir	Fylkir	39	8	8	55	10
Andrea Burgherr	Fylkir	36	6	9	51	11
Felicia Sliva	Þrótti R	34	3	13	50	5
Theodora Th. Þórarinsdóttir	HK	19	10	8	37	11
Lilja Einarsdóttir	Þrótti Nes	23	7	3	33	12
Rannveig Júlía Sigurpálsd.	Þrótti Nes	25		7	32	12
Erla Rán Eiríksdóttir	Þrótti Nes	17	5	8	30	4
Kolbrún Jónsdóttir	Þrótti R	23	2	4	29	7
María Gunnarsdóttir	HK	17		6	23	8
Kristina Apostolova	Þrótti Nes	19		3	22	12
Birta Björnsdóttir	HK	2		14	16	12
Maria Sebova	Þrótti R	8	1	6	15	3
Sædís Alda Karlsdóttir	Fylkir	9		5	14	12
Sylvia K. Hákonardóttir	Þrótti Nes	14			14	9
Stefanía Rut Reynisdóttir	HK	9	3	2	14	9
Emma Árnadóttir	Fylkir	7		6	13	12
Guðrún Ása Kristleifsdóttir	HK	5	1	4	10	8
Pálmey Kamilla Pálmadóttir	HK	7		1	8	6
Erla Guðbj. Leifsdóttir	Þrótti Nes	3	2	1	6	6
Íris Eva Einarsdóttir	Þrótti R	3		2	5	6
Hafrún Hálfðánardóttir	Þrótti Nes	4			4	7
Unnur Guðmundsdóttir	Þrótti R	3		1	4	1
Þórhildur Margrét Hrafnadóttir	HK	2		1	3	5
Hrefna Stefánsdóttir	Fylkir	2			2	5
María Rúnarsdóttir	Þrótti R	2			2	3
Helga Bjarnadóttir	Fylkir				0	
Gabriele Renee Guðbjartsd.	Fylkir				0	
Ragnheiður Lóa Björnsdóttir	Fylkir				0	2
Ástríður Valbjörnsdóttir	Fylkir				0	2

Zsuzsanna Zsentimery	Fylkir			0	
Sunna J. Þórðardóttir	Þrótti Nes			0	
Karitas Ó Valgeirsdóttir	Þrótti Nes			0	
Tinna Heimisdóttir	Þrótti Nes			0	2
Gunnþóra Björnsdóttir	HK			0	1
Steinunn H. Björgúlfsdóttir	HK			0	5
Sæunn Skúladóttir	Þrótti R			0	9
Guðrún Kr. Einarsdóttir	Þrótti R			0	9

Stigaskor leikmanna í 1. deild karla

	Félag	Sókn	Hávörn	Uppgjöf	Samtals	leikir
Piotr Kempisty	KA	167	17	28	212	12
Masayuki Takahashi	Þróttur R	161	18	23	202	12
Aleksander Simeonov	Stjarnan	109	20	14	143	11
Áki Thoroddsen	Þróttur R	90	31	12	133	12
Hilmar Sigurjónsson	KA	109	6	10	125	12
Róbert Karl Hlöðversson	Stjarnan	103	5	4	112	10
Brynjar Pétursson	HK	82	8	6	96	11
Emil Gunnarsson	Stjarnan	79	6	8	93	11
Hafsteinn Valdimarsson	KA	63	20	5	88	12
Vignir Hlöðversson	Stjarnan	74	6	8	88	11
Till Wohlrab	KA	44	14	10	68	12
Ólafur Arason	HK	61	3	4	68	11
Alexander Stefánsson	HK	42	16	8	66	11
Jóhann Sigurðsson	Þróttur R	42	18	3	63	9
Valgeir Valgeirsson	KA	36	14	8	58	12
Orri Þór Jónsson	HK	48	4	5	57	11
Michael Overhage	Þróttur R	37	7	8	52	7
Aðalsteinn Eymundsson	Þróttur R	40	5	7	52	9
Kristján Valdimarsson	KA	27	12	9	48	10
Eiríkur R. Eiríksson	Stjarnan	35	9	1	45	11
Filip Szweczyk	KA	30	10	4	44	12
Kolbeinn Tumi Baldursson	HK	33	2	4	39	10
Ólafur Heimir Guðmundsson	Þróttur R	27	6	4	37	9
Hannes Ingi Geirsson	Stjarnan	27	6	1	34	10
Ismar Hadziredzepovic	Stjarnan	17	10	1	28	6
Ingólfur Guðjónsson	HK	15	6	6	27	12
Valur Guðjón Valsson	Þróttur R	9	12	5	26	7
Martin David	Þróttur R	16	4	3	23	6
Davíð Búi Halldórsson	KA	17	2	1	20	4
Magnús I. Kristjánsson	HK	16	4		20	9
Guðmundur P. Guðmundsson	Þróttur R	11		7	18	5
Jóhann Már Arnarson	Stjarnan	8	5	2	15	6
Todor Marinov	Stjarnan	10			10	3
Ástþór Hlöðversson	Stjarnan	6	3		9	6
Aron Bjarnason	Þróttur R	6	2		8	4
Sergei Diatlovic	HK	6	1		7	3

Jóhannes Stefánsson	HK	6			6	4
Sævar Már Guðmundsson	Þróttur R	5		1	6	6
Ólafur J. Júlíusson	HK	2			2	7
Reynir Árnason	HK	1			1	12
Kem Karl	HK	1			1	1
Halldór Ingi Kárasón	Þróttur R	1			1	12
Andri Már Sigurðsson	KA				0	2
Árni Björnsson	KA				0	10
Daníel Sveinsson	KA				0	2
Sigbjörn Friðgeirsson	KA				0	4
Marek Bernat Þjálfari	KA				0	12
Arnar Smári Þorvarðarson	Stjarnan				0	12
Wojtek Bachorski	Stjarnan				0	
Guðmundur Stefánsson	Stjarnan				0	2
Haþþór Breki Bergsson	Stjarnan				0	
Arnar B Björnsson	HK				0	2
Jón Ólafur Valdimarsson	Þróttur R				0	

Úrslit leikja

Á næstu síðum eru útprentanir yfir úrslit leikja úr öllum mótum á vegum BLÍ. – útprentuð útgáfa

Á heimasíðu BLÍ www.bli.is má finna öll úrslit leikja fyrir tímabilið 2008-2009. – netútgáfa.